

Fornleifauppgröftur í Stóraseli, Reykjavík

Framkvæmdarannsókn



Lísabet Guðmundsdóttir og Nikola Trbojević
ásamt framlagi frá
Guðrúnu Öldu Gísladóttur, Sigríði Þorgeirsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck



FS608-15041
Reykjavík
2016

Á forsíðumynd er steinhúsið eins og það leit út í febrúar 2015.

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

1 Inngangur	4
2 Markmið og framkvæmd	5
3 Saga	5
4 Fornleifauppgröftur	7
4.1 Svæði 1	8
4.2 Svæði 2	11
4.2.1 Mannvirki 2	11
4.3 Svæði 3	12
4.3.1 Mannvirki 3	13
4.3.3 Mannvirki 4	14
4.4 Svæði 4	17
4.5 Svæði 5	19
4.6 Svæði 6	21
4.7 Svæði 7	23
4.7.1 Afmörkun svæðis	23
4.7.2 Norðurhluti svæðis	25
4.7.4 NV hluti svæðis	28
4.7.5 NA-hluti svæðis	30
4.7.6 Suður- og suðausturhluti svæðis	30
4.7.7 Suðausturhorn Stórasels	31
4.7.8 Suðurhluti svæðis	31
4.7.9 Jarðlög uppi við og undir einingahóp [742]	32
4.7.10 Suðausturhluti svæðis	33
5 Gripir Stórasel	34
5.1 Uppgröftur	34
5.2 Bein	37
5.3 Leir	37
5.3.3 Krítarpípur/Tóbakspípur	38
5.4 Gler	39
5.6 Málmar	39
5.7 Leður	41
5.8 Textíll	41
5.9 Steinar	42
5.10 Viður	42
6 Niðurstöður	42
7 Heimildaskrá	44
Viðauki 1 Jarðlagaskrá	46
Viðauki 2 Fundaskrá	50
Viðauki 3 Sýnaskrá	58

1 Inngangur

Vegna framkvæmda á húsinu Stóraseli við Holtsgötu 41b í Reykjavík taldi Minjastofnun Íslands nauðsynlegt að þar færi fram fornleifauppgröftur. Grafið var bæði inn í húsinu sjálfu og á lóðinni umhverfis húsið. Fornleifastofnun Íslands ses sá um verkið en verkkaupi var Minjavernd hf. Verkstjórn var í höndum Lísabetar Guðmundsdóttur og Nikola Trbojevic en auk þeirra unnu fornleifafræðingarnir Lilja Björk Pálsdóttir og Hrönn Konráðsdóttir við uppgröftinn. Lísabet, Nikola og Hrönn sáu um úrvinnslu, Guðrún Aldu Gísladóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir sáu um meðhöndlun gripa. Jannie Amsgaard Ebsen forvörður sá um forvörslu og ráðgjöf varðandi meðhöndlun gripa. Anton Malmberg aðstoðaði við að brjóta upp steypugólf ásamt öðrum viðvikum innanhúss og Ólafur Þorsteinsson sá um alla gröfuvinnu.



Mynd 1 Stórasel er inni í rauða hringnum, við Holtsgötu 41b.

2 Markmið og framkvæmd

Samkvæmt framkvæmdaáætlun átti að lækka gólfhlöt hússins um 35 cm. Líkur voru á því að steinhúsið hafi verið reist á sama stað og torfhús stóð áður og þess vegna var farið fram á fornleifauppgröft áður en gengið var til framkvæmda.¹ Við uppgröft var notast við einingaraðferðina (e. single context recording). Hvert mannvistarlag, til dæmis jarðlag, hola eða veggur táknar einstakan atburð eða einingu. Hverri einingu er lýst, hún teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð. Hver eining fær hlaupandi númer í þar til gerðri einingarskrá. Gripir sem finnast við rannsóknina eru skráðir í gripaskrá og fá einnig gripanúmer í hlaupandi röð ásamt því að vera skráðir í þeirri einingu (jarðlagi) sem þeir fundust í.

3 Saga

Töluvert af heimildum eru til um Sel allt frá 1367. Af heimildum að dæma hefur föst búseta verið í Seli frá 1367 og líklega einnig fyrir þann tíma. Talið er að jörðin Sel hafi upprunalega verið selstaða frá Vík.²

Jörðin Sel kemur fyrst fram í rituðum heimildum frá árinu 1367.

I Hítardalsbók stendur:

„Jonskirkia postula j vijk a landid ad sele. xij kyr.“³

Aftur er minnst á Sel í máldaga frá árinu 1379 þar stendur:

„Jonskirkia j vik æ land alltt at seli.“⁴

Í máldaga frá árinu 1397 stendur:

„Jons kirkia postula j Wijk a lanndit ad Seli.“⁵

Textinn er áþekkur í öllum þessum heimildum, jörðin Sel er í eigu Víkurkirkju. Heimildir um Sel eru heldur fátæklegar að innihaldi og tengjast fyrst og fremst upptalningu á eignum kirkjunnar. Í skoðun Brynjólfs biskups á Víkurkirkju og eignum hennar frá árinu 1642 kemur fram að Sel er eign kirkjunnar og er metin á 10 hdr.⁶ Í jarðarbók frá 1703 er jarðardýrleiki sagður óviss en eigandi jarðarinnar er kirkjan í Reykjavík, ábúandi er Ólafur Benediktsson. Landskuld II álnir sem skal borga með fimm vættum fiska til bóndans í Vík. Við til húsabótar leggur ábúandi. Rekavon er nokkur.⁷ Ábúandi hefur þar af leiðandi getað aflað viðar til viðhalds. Árið 1787 fær Reykjavík kaupstaðaréttindi og þurfti þar af leiðandi að ákveða kaupstaðarsvæði. Fyrsta útmæling kaupstaðarins var framkvæmd árið 1787 og fylgir stutt lýsing á Seli sem er nokkurn vegin á þessa leið. Vestan við Hlíðarhús er kirkjújörð Reykjavíkur Sel. Sel er metin á 10 hdr. og er aðskilin frá Hlíðarhúsum í austri með grjóthlöðnum garði. Einnig er grjóthlaðinn garður sunnan við jörðina að Eiði sem er vestan megin við Sel. Að vestanverðu er Eiðstjörn sem skilur konungsjörðina Eiði frá Seli og suður fyrir er djúp mýri sem aðskilur land Reykjavíkur frá konungsjörðinni Lambastöðum í suðaustri.⁸ Með

¹ Minjastofnun Íslands. 2014. Erindi Stórasel Holtsgötu 41B, 101 Reykjavík. 03.10.2014

² Páll Línal. 1988. 3. bindi. Bls. 38-39

³ Íslenskt fornbréfasafn III. Bls. 220

⁴ Íslenskt fornbréfasafn III. Bls. 340

⁵ Íslenskt fornbréfasafn IV Bls. 109

⁶ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 63

⁷ Árni Magnússon, Páll Víðalín, 1923-1924. 3. bindi. Bls. 252-253

⁸ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 132-133

konungsúrskurði frá árinu 1809 var ákveðið að prestsetur skyldi vera á Seli. Presturinn Brynjólfur Sivertsen bjó þar fram til 1814.⁹ Á korti frá árinu 1801 er Sel merkt „Sæls Præstegaard“. Anna Lísu Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa hjá Borgarsögusafni, telur að annað hvort hafi upplýsingum um prestsetrið verið bætt inn á kortið síðar, eða að prestur hafi þá þegar búið í Seli þegar kortið var gert.¹⁰ Þórir Stephensen telur að Brynjólfur hafi fengið kirkjuförðina Sel til ábúðar þegar hann fékk konungsveitingu fyrir brauðinu árið 1798.¹¹ Fáar eða engar heimildir eru til um húsakynninn á Seli fyrr en í byrjun 19. aldar. Í Íslandsheimsókn George Steuart Mackenzie árið 1810 er heimkynnum séra Brynjólfs lýst á þessa leið:

„... herra Sigurðsson, mætti okkur í dyrunum á vesölu hreysi og fór með okkur gegnum löng, dimm og óhrein göng, þar sem til farartálma voru alls konar búshlutir og maður, sem barði harðfisk, og inn í skuggalegt herbergi. Það var svefnherbergi fjölskyldunnar og bezta vistarvera hússins. Svo lágt var undir loft, að varla var hægt að standa þar uppréttur, og tæpast komast þar neitt fyrir nema húsgögnin, en þau voru rúm, klukka, dálítil kommóða og glerskápur undir borðbúanað. Undrun mín yfir því, að presturinn í eina bænum á Íslandi skyldi vera svo illa haldinn þvarr þegar ég komst að raun um það, að allt og sumt sem hann hafði sér og sínum til framdráttar, væru 120 dala laun, ekki ávallt skilvíslega greidd, og graslendi fyrir eina eða tvær kýr og fáeinar rollur.“¹²

Af þessum heimildum að dæma voru vistarverurnar á Seli ekki upp á marga fiska en það ber að hafa í huga að þessir ensku herra menn voru öðru vanir. Árið 1830 var framkvæmd skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á húsum Sels og görðum. Lýsing hússins er heldur nóturleg og greinilega er þörf á viðhaldi.

1. baðstofan í 4 stafgólfum undir súð með lofti í 3 stafgólfum vantar víðast syllu, Viðir allir gamlir og fúnir. Þak og veggir gallaðir víða, 2 fjögurra rúðu gluggar á loftinu og 1 dtt niðri í austurenda, húsið yfir höfuð óstæðilegt. Álag 16 rd,
2. göng frá baðstofu að bæjardýra lofti 11 ál. með flatrefti yfir helmingnum en í hinum partinum sperrur og stoðir, veggir gallaðir. Álag 3 rd.
3. bæjardýr í 3 stafgólfum undir súð með tilhlýðilegum undirviðum, en lélegum veggjum, 3 ál breiðar með þili og hurð á járnum, grindin mjög snöruð og þarfyrir óstæðileg. Álag 6
4. Búr sem Nikulás hefur ... í 2 stafgólfum með þili undir bita, hurð á járnum með lélegri læsingu, stæðilegt að viðum og veggjum gjörast álag.
5. Eldhús sama megin með hurð og þili í 3 stafgólfum, grindin snöruð og veggir að innan víða bilaðir. Álag 5
6. Heyhlaða í 4 stafgólfum, 4 ál á breidd með 5 sperrum sem standa á veggjum með 4 langböndum ...mænitróðu í sperrunum eru skammbitar. veggir annars stæðir en að utan á sumum stöðum gallaðir. Álag 1
7. Hinum partinum fylgir eldhús, 2 stafgölf með 2 sperrum, 4 stoðum, af sperrum skárepta gafla, stæðilegt að viðum og veggjum, gjörast álag.¹³

Þegar lögsagnarumdæmið var fært út árið 1835 var Sel innlimað í Reykjavík ásamt

⁹ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 178

¹⁰ Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2014. Bls. 2

¹¹ Þórir Stephensen. 1996. 2. bindi. Bls. 265

¹² Mackenzie. G.S. 1946. Bls. 122

¹³ Skoðunar- virðingar og úttektargjörð Sels á Seltjarnarnesi. 1830. Hjörleifur Stefánsson færði skjalið yfir á rafrænt form.

Hlíðarhúsum og Arnarhólsjörðum sem lágu í Seltjarnarneshreppi, en jörðin var enn í eigu kirkjunnar.¹⁴ Jörðin Sel var árið 1849 virt á 25,2 hdr, og var það staðfest 1861. Virði jarðarinnar hafði þá hækkað um 15,2 hdr frá árinu 1787.¹⁵ Árið 1862 selur dómkirkjan (séra Ólafur Pálsson) eignina Sel fyrir 1500 rdl. Kaupandi Sels var Magnús Jónsson bóndi. Jörðinni Seli fylgdi þá ásamt Bráðræði: grasbýlið Litlasel, tómthúsin, Lágholt, Háholt, Steinar, Pálsbær, Pálshús, Steinsholt með ræktuðum túnbletti, Selsholt, Smiðshús, Þorrímsstaðir með ræktuðum bletti, Hlíð og Brekka.¹⁶ Árið 1884 byggði Sveinn Ingimundarson íbúðarhús með steinveggjum og timburgólfi, járnþak áskarsúð, lengd var 12 al, breidd 7,5 al og hæð 4,5 al. Í húsinu voru þrjú herbergi auk eldhúss.¹⁷ Árið 1893 er byggð önnur burst við húsið að sunnanverðu. Húsið er úr tilhöggnu grjóti, þ.e.a.s. syðri veggurinn. Gaflinn er úr tré. Á viðbyggingunni er járnþak á súð og í henni er eitt þiljað herbergi. Byggingin er 12 ^{1/4} al að lengd, 7 al að breidd og 4 al á hæð.¹⁸ Talverðar breytingar voru gerðar á húsinu á 20. öldinni, litlum viðbyggingum bætt við sem oftast ekki voru alltaf í góðu samræmi við upphaflega húsið. Árið 1993 stóð til að rífa Stórasel, borgarráð samþykkti kaup á Holtsgötu 41b til niðurrifs. Mat borgarminjavarðar ásamt þriggja manna starfsnefnd var að varðveislugildi hússins væri afar takmarkað og féllst nefndin á niðurrif þrátt fyrir að steinbær hafi mikið gildi í byggingarsögu Reykjavíkur enda um að ræða alreikvíska húsagerð.¹⁹ Það fór samt sem áður svo að bærinn var ekki rifinn. Steinhúsið stendur enn á sínum stað og stendur til að gera það upp í sem næst sinni upprunalegu mynd. Núna er steinbærinn umkringdur fjöggra til fimm hæða byggingum og ekkert í umhverfinu sem minnir á gamla tíð. Þrátt fyrir það er Stórasel mikilvægur hluti af byggingarsögu Reykjavíkur og lítill gluggi inn í fortíð svæðisins sem annars er horfin.

4 Fornleifauppgröftur

Fyrirhugað er að gera upp steinbæinn Stórasel og þess vegna þarf meðal annars að lækka gólfhlöt til þess að auka lofthæð í húsinu. Einnig er áætlað skipta um jarðveg í garði umhverfis húsið ásamt því að grafa fyrir lögnum. Ekki var vitað með vissu hvort steinhúsið hafi verið byggt í tóft eldra torfhúss en það þótti afar líklegt.²⁰ Fyrri hluti fornleifarannsóknarinnar hófst 27. janúar og lauk 6. mars 2015. Seinni hluti hennar hófst síðan 8. október og lauk 27. nóvember 2015. Hverju uppgriftarsvæði var gefið hlaupandi númer. Svæði 1 er kjallari steinhússins, svæði 2 er austan við kjallara í sömu burst. Svæði 3 er í syðri burst, svæði 4 er viðbygging að norðanverðu, svæði 5 er viðbygging að vestanverðu, svæði 6 viðbygging að sunnanverðu og svæði 7 er lóðin utanhúss.

¹⁴ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 61

¹⁵ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 62

¹⁶ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 64, Páll Líndal. 1988. Bls. 40


¹⁷ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884

¹⁸ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893

¹⁹ Samþykkt kaup á Stóraseli til niðurrifs. Ekki mælt með verndun hússins. 23. nóvember, 1993.

Morgunblaðið. Skoðað 12. Janúar 2016 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/116483/>

²⁰ Anna Lís Guðmundsdóttir. 2014. Bls. 4



Mynd 2 Á kortinu er sýnt hvar svæðin eru, svæði 7 er utanhús

4.1 Svæði 1

4.1.2 Kjallari


Árið 1884 byggði Sveinn Ingimundarson íbúðarhús með steinveggjum og timburgólfi, járnþak á skarsúð, lengd var 12 al, breidd 7,5 al og hæð 4,5 al. Í húsinu voru þrjú herbergi auk eldhúss og kjallara.²¹ Kjallarinn er að innanmáli 2.9m á breidd og 3,5m á lengd. Kjallarinn er hlaðinn úr tilhöggnu grjóti, þó er grjótið í norðurvegg [104] frábrugðið öðru grjóti að því leyti að það er mun stærra og sjást greinileg merki eftir verkfæri sem notuð voru til þess að höggva grjótið til. Norðurveggur kjallarans kann því að hafa verið endurhlaðinn, líklegast þegar viðbyggingin var byggð norðan við húsið árið 1948.²² Gólf kjallarans var lagt úr tilhöggnu grjóti, hins vegar hafa fyrri ábúendur valdið raski og fært hellurnar sem lágu í miðju gólfsins til. Eingöngu ysta röðin var varðveitt [102], hellurnar úr miðju gólfinu voru þó enn til staðar en augljóslega færðar úr stað. Hellurnar voru lagðar á sendið leirlag [100] sem hefur verið lagt til þess að slétta botn kjallarans áður en hellurnar voru lagðar. Þar undir var steinlögn sem samanstóð gert var úr lóbörðu grjóti. Grjótið lá í þykku leirlagi [101] svo líklegast hefur grjót verið lagt til þurrkunar þar sem svæðið er mjög blautt, grunnvatn fór að seytla upp úr leirnum um leið og sandlag [101] var fjarlægð. Gengið var niður í kjallarann að austanverðu. Tröppur voru hlaðnar úr hellugrjóti og voru fjögur þrep niður.

²¹ Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884;


²² Anna Lís Guðmundsdóttir. 2014. Bls. 8, Húsaskrá Reykjavíkur, Holtsgata 41b.




Mynd 3 Kjallari Stórasels eftir hreinsun. Mikið af byggingarúrgangi og öðru drasli var í kjallaranum.




Kort 1 Kjallari steinhússins, mannvirki 1.




Mynd 4 Norðurveggur kjallarans. Þar sem gráu svæðin eru hefur steypa verið sett inn á milli grjóthleðslanna.



Mynd 5 Suðurveggur kjallarans. Suðurveggur nær alveg upp að lofti hússins.



Mynd 6 Vesturveggur kjallarans. Á gráu svæðunum var búið að fylla inn á milli steina með steypu en á vissum stöðum lá hún yfir grjóthleðslunum.



Mynd 7 Austurveggur kjallarans. Dökku hellurnar er stiginn upp úr kjallaranum og gulbrúni liturinn sýnir skarð þar sem búið var að rífa hluta af veggnum bak við hann var hleðsla úr strenjgatorfi.

4.2 Svæði 2

4.2.1 Mannvirki 2

Austan við kjallarann var búið að fjarlægja gólfjalir og þurfti töluvert að hreinsa til áður en hægt var að huga að eldri minjum. Yfirborðslag [200] var afar blandað og í því var talsvert af leifum sem tengdust byggingu steinhússins. Undir því voru uppfyllingarlög til þess að jafna yfirborðið þegar steinhúsið var byggt. Lög [201], [202], [203], [204], [205] og [206] voru öll blönduð fyllingarlög í eldri tóft.

Þegar blönduðu lögin voru fjarlægð komu í ljós steinaraðir, steinaröð [207] liggur í N/S og A/V og tilheyrir eldri húsgrunni ásamt steinahleðslu [210]. Ofan í mannvirkinu var torfblandað lag [208] sem líklegast er hluti af uppfyllingarlögunum en þó mun torfríkara en þau. Í norðvesturhorni mannvirkisins var lítið eldstæði fullt af móösku [213] um 50 m á lengd og breidd, nánast hringlaga. Augljós merki voru eftir *in situ* bruna, hins vegar var lag [212], sem var umhverfis eldstæðið, mjög blandað, mestmegins torf og leir. Það er því ólíklegt að þetta eldstæði tengist mannvirkinu þegar það var í notkun. Engin augljós gólfög voru í mannvirkinu, eingöngu torfblönduð lög, [211] og [212] sem afmarkast af steingrunninum. Lágu þau ofan á svarblárri eðju [219] sem er náttúrulegt lag. Í eðjunni og ofan á henni var steinaröð sem lá í norðaustur-suðvestur, hleðslan virðist ekki vera hluti af eldri byggingu en greinilega verið gerð af mönnum. Líklegast tilheyrðu steinhleðslur [207] og [210] húsgrunni í timburhúsi þar sem ekki fundust ummerki um torfveggi sem tilheyrðu þessum fasa né gólfög. Hins vegar er eingöngu lítið brot varðveitt af byggingunni svo að það kann að vera að framhlið hússins hafi verið úr timbri en hliðarveggir torfhlaðnir. Það eru getgátur einar.




Mynd 8 Grjóthleðslur sem líklegast tilheyrðu eldri húsgrunni. (Mynd tekin í austur)



Mynd 9 Á myndinni má sjá horn mannvirkisins en búið er að fjarlægja hleðsluna sem var fyrir miðju. (Mynd tekin í norðaustur)

Vestan við mannvirkið var torflag [209] sem var gert úr auðappelsínugulu og brúnu torfi. Í suðvesturhluta hússins við uppistandandi vegg var það mjög þétt og mátti sjá greinilega strengi í torflagin. Norðanmegin þynntist torfið út, torfið hefur ekki tilheyrt mannvirki II en þarna kunna að vera leifar af eldri vegg sem hefur verið rutt niður til þess að fylla upp í rýmið sem myndaðist á milli kjallarans og eldra mannvirkis II. Undir torflagin var stétt [216] og mjög þétt móðskublönduð ruslalög sem innihéldu einnig mikið af skeljum, [214], [217]. Lögin lágu þétt upp að steingrunninum að austanverðu og eru utan við mannvirki II þeim var raskað að vestanverðu þegar grafið var fyrir kjallaranum. Undir ruslalögunum var blandað torflag [220] sem var laust í sér og mjúkt og innihélt talsvert af grjóti. Líklegast er um fyllingarlag að ræða.




Kort 2 Teikning af mannvirki II sem staðsett er undir nyrðri burst, austan við kjallara. Á teikningunni má sjá steinhleðslur sem tilheyra húsgrunni. Vestan megin við grunninn eru ruslalög en inn í byggingunni eru torflönduð lög, [211] og [212].

4.3 Svæði 3

Svæði þrjú var undir syðri burst að austanverðu. Syðri húsið er 7,4 m á lengd og 3,5 m á breidd. Austan megin er steinsteyptur kjallari sem byggður var um miðja síðustu öld. Kjallarinn er 5m á lengd og 3,5m á breidd en þar var ekki grafið frekar. Rannsóknarsvæðið var því 2,4 m á lengd og 3,5 m á breidd. Ljóst var að mikið rask átti

sér stað þegar grafið var fyrir kjallaranum. Eystri veggur kjallarans var brotinn niður fyrir sniðteikningu.



Mynd 10 Snið í gegnum mannvistarlög undir syðri burst.

Þegar sniðteikningin var teiknuð var búið að fjarlægja tvö efstu lögin, sem voru blönduð uppfyllingarlög.

1. Torflag, rauð-appelsínugult á lit.
2. Blandað torflag, blandað í torfið er leir og dökk lífræn siltmold.
3. Torf, líklega veggur, rauðappelsínugult. Strenghlaðið.
4. Torfblandað leirríkt lag, rauðbrúnt á lit, laust í sér.
5. Steypa sem tilheyrir kjallara.

Tvö efstu lögin [300] og [301] voru mjög blönduð og samtals um 50 cm á þykkt. Talsvert var af nútímagripum í lögunum, aðallega leirker, gler, naglar og ýmis konar byggingarúrgangur. Undir lagi [301] var blandað torflag [302] sem líklegast var notað til þess að jafna yfirborðið líkt og lög [300] og [301].

4.3.1 Mannvirki 3


4.3.2 Byggingarstig I

Það sem varðveitt var af yngsta mannvirkinu undir syðri burst samanstóð af steinhleðslum [303] og [304] ásamt hellulögðu gólfi eða stétt [305]. Ofan á hellunum var blandað torflag [302]. Steinaröðin kann að tengjast steinaröð [210]/[218] sem er undir nyrðri burst á svæði 2.



Kort 3 Hellulögð stétt og steinhleðsla, líklegast veggur, sem tilheyrir yngsta byggingarstigi mannvirkis 03.

Sunnan við húsið í viðbyggingu var steinaröð og hellulagt gólf sem kann einnig að tilheyrir sama mannvirki og sama byggingarstigi. Talið er að mannvirkið sunnanmegin hafi verið útihús þar sem yfir hellunum voru þykkt heyblönduð taðlög. Þau voru hins vegar ekki að finna norðan megin.




Kort 4 Mögulega tilheyrir mannvistarleifarnar sunnan og norðan megin á myndinni sömu byggingunni.

Undir þessu mannvirki var torflag [306] um 15cm á þykkt sem er talið vera fyllingar- eða jöfnunarlag á milli mannvirkja. Í laginu voru steinvölur og grjót. Undir þessu lagi var annað mannvirki sem fjallað verður frekar um í næsta kafla.

4.3.3 Mannvirki 4

4.3.4 Byggingarstig I

Þegar lag [306] var fjarlægt kom í ljós steinhleðsla [311] sem myndaði lítið U-laga rými um 1m x 1,3m að innanmáli. Yngsta lagið sem tilheyrir þessu rými var lítið kola- og sótlag [308] um 1cm á þykkt og var í suðvesturhorni mannvirkisins. Lagið lá að hluta til yfir steinhleðslunum sem gæti bent til þess að kolunum hafi verið kastað ofan í tóftina eftir að hún fór úr notkun. Undir kolalaginu var lífrænt blandað torflag [309] sem kann að hafa verið lagt yfir eldstæði til þess að kæfa eld þar sem undir því var móöskulag [312] sem gæti hafa tilheyrt eldstæði. Norðanmegin við torflag [309] var nánast eins torflag [310], tiltölulega þétt og leirríkt.



Kort 5 Mannvirki 4, byggingarstig I. Móöskulag [312] liggur upp að vegghleðslu að sunnanverðu og undir er höllugólf.




Mynd 11 Mannvirki 4, á myndinni má sjá varðveittar vegghleðslur ásamt móöskulagi [312]

Móöskulag [312] lá ofan á flötum hellum [316] upp við vegg að sunnanverðu og ofan á þétti gólflagi [313] sem var mjög leirríkt með móöskublettum.

4.3.5 Byggingarstig II

Þegar steinhleðsla [311], sem staðsett var vestantil á svæðinu, var fjarlægð kom í ljós að höllugólfið [316] var stærra en áður var talið, þó voru hellurnar eingöngu yfir litlum hluta gólfflatarins. Norðanmegin við höllugólfið var stíft gólflag [313] eins og áður hefur komið fram. Í miðju gólflagi var nánast kringlótt hella sem kann að hafa verið stoðarsteinn. Norðaustan við gólflagið var torfblandað móríkt lag [314]. Lagið var um 20cm þykkt og virðist ekki hafa tilheyrt byggingunni, fremur rusli sem hent var ofan í tóftina. Austan við steinhleðslu [311] var svart blandað svarblátt mýrareðjulag [315] sem virðist vera uppmokstur. Við austurvegg var steinn sem byrjað var að bora holu í hann miðjann. Ef til vill er þetta ófullgerð sleggja.²³

²³ Sjá kafla 5.9



Kort 6 Mannvirki 4, byggingarstig II. Vegghleðsla ásamt gólfhlögum og litlum hluta hellugólfs. Gólfögin liggja upp að hellunum á þessu byggingarstigi. Á teikningunni má einnig sjá stein sem reynt var að bora í gegnum.

4.3.6 Byggingarstig III


Undir hellugólfi [316]/[317] var gólfslag [319] sem samanstóð aðallega af fíngerðum viðarkolum og sóti, gólfið var þykkt á köflum, mest 15cm. Gólfið minnti einna helst á smiðjugólf. Gólfslag [319] lá ofan á gólfslagi [322] sem var gulbrúnt á lit, mjög þétt í sér með kolabútum. Að norðanverðu var lagið í kringum 15cm en að sunnanverðu var það rétt um 1cm á þykkt þar sem það lá ofan á hellulögðu gólfi [325].



Kort 7 Mannvirki 4, byggingarstig III. Gólfslag [319] ásamt vegghleðslu.

4.3.7 Byggingarstig IV

Elsta gólfslagið í mannvirki 4 gert úr stórum hellum sem voru um 40cm á breidd og 70cm á lengd. Í norðausturhorninu var kolalag [321] álíka gólfslagi [319]. Ekki er ljóst hvort um gólf sé að ræða eða hreinlega eldstæði, eingöngu lítið brot af hellulögninni var fjarlægð og ganga hellurnar inn í sniðið að norðanverðu. Hellugólf [325] liggur ofan á svarblárri eðju líkt og mannvirki 2 í nyrðri burst. Mannvirki 4 kann að hafa verið smiðja, það sem helst rökstyður þá niðurstöðu eru kola- og móökugólfin sem fundust þar. Hins vegar fannst ekkert gjall né sindur sem gæti því bent til þess að hlutverk mannvirkisins hafi verið annað.



Kort 8 Mannvirki 4, ljósu steinarnar eru hluti af hellulögðu gólfi og dökku steinarnir hluti af vegg. Byggingarstig IV.



Mynd 12 Mannvirki 4, byggingarstig IV, hægra megin á myndinni er vegghleðsla ásamt hellum í gólfi

Eingöngu lítt hluti mannvirkisins var grafinn upp vegna takmarkana við uppgröft, því er erfitt að fullyrða fyrir víst til hvers það var notað. Annar möguleiki er að rýmið hafi verið hluti af eldhúsi sem minnst er á í úttekt/virðingu frá árinu 1830. Mannvirkin eru öll hlutar af rýmum sem tilheyrðu húsi frá 18. til 19. öld sem þarna hefur staðið þar til steinhúsið var byggt.

4.4 Svæði 4

Svæði 4 er í viðbyggingu sem byggð var við nyrðra húsið. Svæðið er 7.6m á lengd og 1.9m á breidd. Svæðið næst steinveggnum var ekki grafið þar sem steinveggurinn fór á hreyfingu við uppgröft og skapaði þannig hættu fyrir starfsmenn. Steypt plata [400] lá yfir mannvistarlögnum, platan var steypt ofan á lag steina og stétt [401] sem er samtíða steinbænum og hefur verið fyrir framan gamla innganginn. Í stéttinni var kvernasteinn úr erlendu flögubergi. Undir stéttinni var jöfnunarlag [404] sem samanstóð aðallega var gert úr sandi og steinvölum, þar var einnig að finna steinkol. Austan við stéttina var drenlagn úr grjóti [403] sem var undir viðbyggingu við steinhúsið. Lög [405] og [406] eru bæði undirlög í tengslum við viðbygginguna. Líklegast voru þau lögð til þess að fá sléttari undirstöður.



Mynd 13 Stétt sem var fyrir framan eldri inngang steinhússins.



Mynd 14 Kvarnasteinn í stétt.

4.4.1 Mannvirki 5

Eldri mannvistarlög voru undir viðbyggingunni sem tilheyrðu torfhúsinu. Hið yngsta af þeim var tvöföld nánast ferhyrnd hleðsla [407] um 3m x 1.5m á lengd og breidd. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi hleðsla þjónaði en mjög lítið torf var í kringum þær. Undir hleðslunum voru torfblönduð lög [408] og [409]. Þar undir var grjóthleðsla [410] og að austanverðu var hellulögn [413]. Þarna virðist vera milliveggur [413] og [418] á milli tveggja rýma þar sem að vestanverðu var mjög dökkt og þétt gólflag [417]. Undir gólflaginu voru torfblönduð lög sem lágu ofan á láborðu grjóti og svartri mýrareðju. Svæðið er hluti af torfhúsi líklegast frá 18. öld en þar sem svæðið er afar lítið og verður lítið um það sagt að öðru leyti.



Mynd 15 Steinhleðsla undir viðbyggingu ásamt steinhleðslu sem tilheyrir eldri byggingu. Kjallari steinhússins er hægra megin á myndinni. (Mynd tekin í ANA)



Mynd 16 Svart gólflag ásamt hellum og mögulegri vegghleðslu. (Mynd tekin í ANA)


4.5 Svæði 5

Vestan við syðra húsið er viðbygging, 4m á lengd, 2,5m á breidd að norðanverðu en um 1,2m að sunnanverðu. Þegar búið var að fjarlægja nútíma timburgólf sem voru samtíða viðbyggingunni, var komið niður á yfirborðslag [500], blandað lag með töluverðu af steinum á víð og dreif. Undir yfirborðslaginu var um 30cm þykkt skeljalag [501] með grjóti hér og þar. Lag [502] samanstóð að mestu leyti af blandaðri móösku, kolum og lábörðu grjóti, voru steinarnir um 10-20cm í þvermál. Þetta svæði hefur verið utanhúss og þarna kann að hafa verið ruslahaugur. Grafinn var lítill könnunarskurður til þess að sannreyna þá tilgátu. Skurðurinn var 0.8m x 0.8m x 1m á lengd, breidd og dýpt, og var grafið niður á svörtu mýrareðjuna sem fundist hefur á flestum stöðum á svæðinu.



Mynd 17 Yfirborðslag [500] í rými 5. Syðri burst steinbæjarins er að austanverðu og veggur viðbyggingarinnar að vestanverðu. Frárennislögn frá húsinu ekki tengd og lak volgt vatn í talsverðan tíma frá húsinu og hefur sorfið talsvert af jarðlögunum frá upp við húsið.

Snið í gegnum ruslalög á svæði 5 Vestur



1. Blandað yfirborðslag, laust í sér, talsvert af grjóti og steypuklumpum.
2. Blandað móöskulag, brúnt og bleikt að lit. Í laginu var að finna kolaslla og brennd bein.
3. Blandað ruslalag, brún gulleitt á litinn, laust í sér. Innlyksa í laginu voru sótflekkir, kol og skeljar.
4. Móöskulinsa, rótuð, bleik appelsínugul á litin. Sót, örkol og stærri kolaagnir.
5. Blandað þétt lag, linsa, brún gráleit á litinn, samanstendur að mestu af leir, silt og kolaögnum.
6. Torfblandað ruslalag, brún gulleitt á litinn. Innlyksur eru sótflekkir, móaska og kol. Lagið er frekar laust í sér.
7. Blandað ruslalag, dökk brúnt á litinn, innlyksa er blönduð móaska, sót og kol.
8. Torfblandað ruslalag, leirríkt, innlyksa eru kolagnir.
9. Blandað ruslalag, leirríkt, innlyksa eru kolaagnir. Járnútfelling
10. Móöskulinsa, bleik appelsínugul. Innlyksa eru kol og brennd bein.
11. Mýrareðja, svar-blágrá. Náttúrulegt lag.



Mynd 18 Snið í gegnum ruslahaug. (Mynd tekin í V)

4.6 Svæði 6

Vestan við syðra húsið var reist viðbygging á fyrri hluta 20. aldar. Þar var inngangur og þvottahús. Viðbyggingin var síðar stækkuð til suðurs um tæpa 60cm en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var. Eftir stækkun var viðbyggingin um 3,80m á lengd og 2m á breidd þar sem hún var breiðust en annars 1,20m. Yfir mannvistarlögum var steipt plata með asbestflögum sem þurfti að fjarlægja áður en uppgröftur hófst. Yfirborðslag [600] var mjög blandað og laust í sér, nútímagripir voru í laginu, til að mynda gler, plast og keramik.




Mynd 19 Nikola í hlífðargalla við að fjarlægja síðustu steypuleifarnar. (Mynd tekin í VSV)



Mynd 20 Strenghlaðinn torfveggur [606]. (Mynd tekin í ANA)

Undir yfirborðslaginu var blandað torflag [602], lagið var mun torfríkara að austanverðu og fannst gjóska í torfinu, svört, líklega Katla 1500. Að austanverðu undir lagi [600] og [602] var blandað leirríkt, sendið torflag [603] en að vestanverðu var torfhrun [604] úr torfvegg [606]. Torfveggurinn var hlaðinn úr brún-rauðu og gul-appelsínugulu strengtorfi. Í torfinu var svört frekar gróf gjóska, líklega Katla 1500. Undir torfvegg [606] var steinhleðsla [607] sem virðist liggja í framhaldi af steinhleðslu[303/304] svo líklegast tilheyra hleðslurnar sama mannvirki. Vestanmegin við torfvegg [606] og steinhleðslu [607] var dökkbrúnt, nánast svart, þétt lag [608], í laginu var talsvert af heyi og lífrænum efnum. Líklegast er lag [608] gólf í skepnuhúsi. Undir gólflaginu var blandað ruslslag [610] sem innihélt: blandað torf, brennd bein og kol og undir því torfhrun [612]. Í hruninu voru steinar og kol en lagið er mjög torfríkt og því er líklegra að hér sé hrun fremur en t.d. ruslslag sem hefur verið fleygt ofan í opna tóft. Elsta lagið sem tilheyrir þessu mannvirki er hellulagt gólf [614]. Nánast ómögulegt reyndist að fjarlægja hellurnar þar sem þær voru stórar og fóru inn í sniðin beggja vegna, ekki var reynt að grafa þær fram þar sem þá þá þyrfti að grafa undan uppistandandi veggjum. Reynt var grafa frá hellunum til þess að greina hvort fleiri mannvistarlög væru undir hellugólfinu og reyndist svo vera. Það sem tókst að greina voru mjög blönduð lög ásamt steinum í botni, voru það ávalir steinar greinilega lábarðir, lágu þessir steinar á svarbláa mýrareðjulaginu sem komið var niður á á öllum svæðum. Austan við vegg [606] voru eingöngu blönduð lög sem ekki virtust tilheyra neinu mannvirki. Undir blönduðu lagi [603] var blandað torf og rusl [605]. Lagið var um 1,20m á þykkt og var frekar einsleitt. Þrír steinar voru í laginu sem virtust mynda röð en ef þarna var mannvirki eða rými þá var afar lítið varðveitt af því. Þar undir var lífrænt dökkgrátt lag [609], mjög leirríkt og var þar að finna talsvert af heyi. Lagið var mjög svipað gólflagi [608] og kann að vera útmokstur eða þá að þarna séu ummerki eftir annað rými í útihúsi sem ekki hefur varðveist. Undir taðlagi [609] var steinahrúga [611] og lá hún í ruslalagi [613] sem innhélt kol og blandað torf. Lög [615] og [616] voru aðallega steinar, grjótið í lagi [615] var sumt gríðarstórt. Svæðið austan veggjar samanstendur, eins og áður segir, nær eingöngu af blönduðum lögum og þar kann að hafa verið rými tengt útihúsi eða hlöðu. Í úttekt/virðingu frá 1830 stendur heyhlaða í 4 stafgólfum, 4 álnir á breidd með 5 sperrum sem standa á veggjum með 4 langböndum, í sperrunum eru skambbitar annars eru veggir stæðilegir en að utan víða gallaðir.²⁴ Þetta rými gæti því hafa verið hluti af hlöðunni.

²⁴ Skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð Sels á Seltjarnarnesi. 1830.



Mynd 21 Hellugólf í mannvirki sem kann að hafa verið hlaða (Mynd tekin í ANA)

4.7 Svæði 7

4.7.1 Afmörkun svæðis

Svæðið 7 var utandyra og var afmarkað út frá eftirfarandi þáttum:

1. Framkvæmdasvæði verktakans (Minjavernd hf.),
2. Staðsetningu og stærð steinhússins ásamt lóðamörkum,

Samkvæmt verkáætlun verktaka var nauðsynlegt að rannsaka um það bil 2 m breiða spildu út frá steinhúsinu að lóðarmörkum niður á um 0,5 m dýpi. Ekki var hægt að rannsaka svæðið vestan við húsið þar sem þar liggur vegur og er hann utan lóðarmarka. Til stóð að rannsaka svæðin norðan, austan og sunnan við húsið, hins vegar leiddi gröftur með vélgröfu í ljós að svæðið austan við húsið var mjög mikið raskað vegna nútímaframkvæmda, til að mynda vegna rafmagns-, skólp- og vatnslagna. Það þótti því óþarft að grafa það svæði upp nema að litlu leyti en í sniði sáust aðallega hreyfð torflög.

Við uppgröft á lögum [738], [741] og [743] á suðausturhluta svæðisins og við frekari



Mynd 22 Austurhluti svæðisins sem ekki var grafinn vegna lagna og annarra raskana. (Mynd tekin í SAS)

uppgröft á yfirborðslagi [001] á suðvesturhluta svæðisins kom í ljós vandaður steinhlaðinn veggur [748] og stétt [774].²⁵ Þar sem varðveisla mannvirkisins var góð var ákveðið að stækka svæðið til suðurs til þess að ná öllu mannvirkinu fram ef hægt væri. Þar af leiðandi varð stærð svæðisins í heild sinni um 65 m². Svæði norðan við húsið var um 18 m² og svæðið sunnan og suðaustan við húsið, sem var nánast „L“ laga var um 47 m². Svæðið sem ekki var rannsakað var um 13 m².



Mynd 23 Stóra Sel ásamt húsunum í kring sem þar standa.

4.7.2 Norðurhluti svæðis

Heildarstærð N-hluta svæðisins er 18 m² (Lengd var um það bil 6.5 m og mesta breidd um 3 m). Dýpt uppgrftar var um 0.3 – 0.5 m en sú dýpt afmarkaðist af þörf framkvæmdarinnar frekar en að komið væri niður fyrir mannvistarlögin. Minjastofnun Íslands gerði ekki kröfu um fullnaðaruppgröft. Þær einingar sem voru ekki grafnar fengu einingarnúmerið [773]. Ekki var unnt að grafa upp við nyðri steinvegginn af sömu ástæðu og þegar það var reynt fyrr á árinu. Veggurinn ofan við hann var kominn á hreyfingu og því þótti ekki öruggt að grafa frekar undan honum.

Nokkur mannvirki fundust við uppgröft á þessum hluta svæðisins auk þess hreyfð mannvistarlög eins og blönduð ruslalög, torf, og fokmold.

4.7.3 Húsgrunnur

Umfangsmesta mannvirkið á svæðinu var húsgrunnur eða veggur sem tilheyrði viðbyggingunni að norðanverðu. Grunnurinn lá í A – V og lá hann undir nyðri vegg viðbyggingarinnar. Hægt var að greina tvö byggingarstig, hið yngra, byggingarstig [728] var rétt undir yfirborðinu²⁶, lengd þess var 2.3 m og breidd 0.4 m, þessi eining [728] var greinilega framlenging á einingu [402] sem var innan húss. Eldra byggingarstigið [731] var hluti af eldri húsgrunni viðbyggingar. Steinarnir þar voru af annarri stærð og lögun

²⁶ Færðist örlítið úr stað vegna gröfuvinnu.

en í húsgrunni [728]. Lengd veggjarins var 5.5 m og breidd 1.2 m og lá hann að nokkru undir yngri húsgrunninum. Eldri húsgrunnurinn er mun breiðari en sá yngri og gæti það bent til þess að eldri veggur viðbyggingarinnar hafi verið meiri um sig en sá yngri. Þegar eldri veggurinn [731] var fjarlægður kom í ljós brúnleitt torflag [733] sem kann að hafa verið til þess að jafna yfirborðið áður en steingrunnurinn var hlaðinn. Slík lög fundust víða á svæðinu.



Mynd 24 Húsgrunnar viðbyggingar við steinhúsið



Mynd 25 Húsgrunnur viðbyggingar við steinhúsið líkt og teikningin að ofan

Undir yfirborðslagi [001], blönduðu lagi [718] (blandað lag í NA-horni svæðisins sem samanstóð aðallega af móösku, kolum og skeljum) og lagi [725] (blandað torf og fokmold) var röð steina [727] sem lá í N – S. Steinarnir voru að öllum líkindum frekari stuðningur við húsgrunn [731] nánar tiltekið fylling í holrými sem myndaðist vegna eldri mannvirkja sem eru í NA horni svæðisins.²⁷ Skammt frá húsgrunni [731] var lag steina [721] meðfram öllu svæðinu sem eru taldir vera hrun úr eldri grunninum.

Önnur mannvirki í miðhluta svæðisins

- a) Þegar lag [733] ásamt lagi [759] sem var torfblandað ruslslag sem innihélt bletti af Kötlu 1500 gjóskunni, var fjarlægð kom í ljós gólflag [761], á svæðnu miðju. Gólfið var dökkbrúnt og bleikt, lífrænt og víða um 3 cm á þykkt. Staðsetning gólflagsins bendir til þess að torfhúsið hafi náð lengra til norðurs en steinhúsið. Í gólfleginu voru nokkrar leifar af brotnum kræklingaskeljum og móösku sem gæti bent til þess að þarna hafi matur verið útbúinn. Jarðvegssýni var tekið úr gólfleginu til frekari rannsókna. Gólflagið lá ofan á blönduðu lagi [770] (torfhrun og steinar) sem virðist hafa verið til þess að jafna yfirborð.



Mynd 26 Gólflag á norðurhluta svæðisins

- b) Steinaröð [764] var um 1.5 m á lengd og snýr í NE – SW og lá undir torflagi [733] og [763]. Steinaröðin tilheyrði líklegast einni af mörgum veggjahleðslum sem fundust víða á svæðinu og tilheyra mismunandi byggingarstigum vegna breytinga á rýmum hússins. Ekki var hægt að tengja hleðsluna við neitt mannvirki.

²⁷ Sjá lag [765]



Mynd 27 Hluti af grjóthlöðnum vegg [764]

4.7.4 NV hluti svæðis

Við uppgröft á lagi [759] í NV-hluta svæðisins kom í ljós lag [769] og steinaröð [766] (horn veggjar) sem afmarkaði svæði sem skorið var af niðurgreftri [768] og fyllt með steinum, stórum og meðalstórum. Steinaröð [766] kann að hafa verið hluti af steinalagi [418] sem var áður grafið innanhúss.²⁸ Norðurveggur viðbyggingarinnar raskaði minjunum.

²⁸ Það má greina út frá staðsetningu og legu [418] og að vissu leyti út frá stærð og lögun steina í laginu.



Mynd 28 Horn veggjar [766]



Mynd 29 Steinafylling [768]

4.7.5 NA-hluti svæðis

Uppgröftur á fyrrnefndum lögum í NA-horni svæðisins ([718], [725], [727], [731] (húsgrunnur), [760] (torflag) ásamt [762] (torfhrun) og [763] (torfblandað ruslslag)) leiddi í ljós eftirfarandi mannvirki og lög:

- a) Grjóthlaðið horn veggjar [765] sem tilheyrir ekki sama byggingarstigi og fyrrnefndu lögin Varðveitt hæð veggjar var um 70 cm að norðanverðu.
- b) Gólflag [767] um 5-9 cm á þykkt sem innihélt nokkurn fjölda af járngrípum og leirkerabrotum.
- c) Lag [771] (2 – 7 cm á þykkt) sem lá undir gólflagi [767]. Líklegast uppfyllingarlag til þess að jafna yfirborðið. Í laginu voru steinar sem kunna að hafa verið til þess að leiða vætu frá gólfi.

Mannvistarlög sem tengjast eldri búsetu í Stóraseli benda til þess að helsti búsetukjarni hússins eða húsanna hafi verið austar í baklóð Holtsgötu 41 svo að þær minjar verða ekki rannsakaðar frekar að þessu sinni.



Mynd 30 Horn á grjóthlaðnum vegg [765] ásamt gólflagi [767]

4.7.6 Suður- og suðausturhluti svæðis

Heildarstærð uppgraftarsvæðisins að sunnan og suðaustanverðu var um 47 m², svæðið var óreglulegt en var nánast „L“ laga. Austur/suðausturhluti svæðisins var um 7.5 m á lengd og 2 m á breidd og suðurhliðin var um 8.5 m á lengd og 3 m á breidd. Á svæðinu fundust nokkur mannvirki ásamt blönduðum mannvistarlögum, hreyfðum lögum og fokmoldarlögum sem ekki tengjast áðurnefndum mannvirkjum á beinan hátt. Líkt og á norðurhluta svæðisins var ekki gerð krafa um að fullgrafa minjarnar, aðeins var grafið niður á um 0.5 m dýpi.. Eining [772] nær yfir þau mannvistarlög sem ekki voru grafin.

Hægt var að tengja steinaröð [616], sem var grafin upp innandyra, við steinaröð innan [772] og tilheyra þær líklegast útihúsi.

Við lok uppgrافتar voru þeir steinar fjarlægðir sérstaklega sem náðu upp í vissa hæð svo hægt væri að jafna yfirborð áður en jarðvegsdúkur og mól var sett yfir þær minjar sem ekki voru fullrannsakaðar.

4.7.7 Suðausturhorn Stórasels

Undir yfirborðslagi [001] ásamt blönduðu móöskulagi [717] og blönduðu ruslalagi [726] var brún-appelsínugult torfhrun [740] sem var um 15 cm. Torfið var frekar þétt og heillegt sem bendir til þess að torfveggur hafi verið skammt frá. Undir torfhruninu var svart-brúnt lag [747] sem innihélt illa varðveittar viðarleifar ásamt grjóti sem talið er vera hrun úr vegg [757]. Undir lagi [747] og ruslalagi [749] sem innihéldu töluvert af smáum brotum af gluggagleri (sem gæti bent til þess að það hafi verið gluggi nálægt) var kolaríkt lag [751], lagið var þétt og mátti sjá torfslitrur í laginu. Þarna virðast vera leifar bruna innan rýmisins þar sem kolalagið var töluvert þykkt (3cm). Lag [749] var að hluta til yfir vegg [757] sem var horn á grjóthlöðnum vegg sem var um 2 m x 1.5 m. Lega veggjarins bendir til þess að hann gæti tilheyrt eldra byggingarstigi mannvirkis 4 sem var rannsakað hafði verið innanhúss. Hleðslurnar voru samsíða sem gætæi bent til þess að mannvirkið hafi verið minnkað eða stækkað.



Mynd 31 Veggur [757]

4.7.8 Suðurhluti svæðis


Þegar yfirborðslag [001] var fjarlægt kom í ljós torf og grjótblandað lag [738]. Lagið var samtíða lagi [730] sem var svipað því fyrrnefnda. Talsvert af gripum var í laginu til að mynda gluggagler, flöskugler, koparhnappur og leirkerabrot. Einnig fannst mynt frá 1923 og 1926.²⁹

Undir lagi [730] var svart gólflag [741], í gólfinu var nokkuð af steinkolum, gólfið var um 10 cm þykkt að jafnaði en á köflum allt að 20 cm. Lagið tilheyrir einingahóp [742] ásamt gólflögum [743], [774] og vegg [748]. Þessi hópur tilheyrir einu mannvirki en hlutverk þess er óljóst enn sem komið er.³⁰ Gólflag [743], sem líklegast var samtíða gólflagi [741], nær lengra til austurs. Lagið samanstóð aðallega af kræklingaskeljum en einnig fundust dýrabein, skreyttur hnappur úr beini, gluggagler og flöskugler. Meðal fundinna gripa var handfang úr járn sem vitað er að byrjað var að framleiða eftir 1870

²⁹ Sjá kafla um gripi

³⁰ Nánari lýsing hér fyrir neðan

og því hægt að aldursgreina.³¹ Skeljarnar í laginu benda til þess að í þessu rými hafi vinnsla á beitu farið fram. Skeljar hafa fundist víða á Íslandi og notkun þeirra einskorðast ekki eingöngu við beitu.³² Til eru dæmi um að skeljar hafi verið notaðar sem skeiðar. Þær geta einnig hafa borist inn í landi með þara sem var notaðir til saltframleiðslu.³³ Gert var út frá Stóraseli eins og flestum bæjum í kring sem bendir til þess að þarna hafi beita verið unnin líkt og þekkist víðar.³⁴ Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur að skelfiskfjara sé nægileg í Víkurlandi, það er að segja landi Sels.³⁵ Gólflogin í mannvirkinu eru ólík og virðist hlutverk rýmisins hafa breyst í gegnum tíðina. Gólflog [741] og [743] lágu ofan á stétt [774] sem var hlaðin úr lábornu grjóti. Að vestanverðu kom í ljós grjóthlaðinn veggur [748] sem einnig tilheyrir þessu mannvirki. Veggurinn var afar vel varðveittur, um 8.5 m langar og lá í NA-SV, að austanverðu var hæð veggjarins um 0.7 m hár. Veggur og stétt voru ekki fjarlægð þar sem ekki var þörf á að grafa frekar á svæðinu og byggingin náði út fyrir lóðarmörk. Mannvirkið er þar af leiðandi enn varðveitt að mestu.



Mynd 32 Veggur [748] ásamt skeljagólfu [bláa lagið] og gólflog [743] ásamt stétt [774]

4.7.9 Jarðlög uppi við og undir einingahóp [742]

Undir lok uppgraftrar, þegar einingahópur [742] var skráður kom í ljós að nokkrir hlutar annarra áhugaverðra mannvirkja lágu undir þessum hóp ([742]sem innihélt m.a. mannvistarlög [748] og [774])og voru þau því ekki grafinn upp að þessu sinni. Best varðveitta mannvirkið var grjóthlaðinn veggur [756], sem búið var að raska á tveimur stöðum. Ekki er ljóst hvaða rými þessi veggur tilheyrir né hvaða byggingarstigi. Einnig var gólflog [758] grein, á köflum var það um 20 cm þykkt og ríkt af bæði kolum og brenndum beinum en verulega raskað vegna nútímaframkvæmda og yngri byggingarstiga. Veggurinn [756] lá að hluta til yfir gólfinu.

³¹ Sjá kafla um málmgripi

³² E.g. Dupont-Hébert, C. and Woollett, J. 2014, bls. 10 – 25

³³ McGovern *et al.* 2006, bls. 5

³⁴ Krivogorskaya *et al.* 2006, bls. 388. Í jarðarbók Árna og Páls stendur að heimræði er árið um kring og lending sæmileg við Sel. Árni Magnússon, Páll Vídalín. 1923-1924. bls. 253

³⁵ Árni Magnússon, Páll Vídalín. 1923-1924. bls. 253



Mynd 33 Grjóthlaðinn veggur [756] og gólflag [758]

4.7.10 Suðausturhluti svæðis

Á suðausturhluta svæðisins var helst að finna fokmold ásamt hreyfðum lögum, en einnig brot af mannvirkjum sem tilheyra ýmsum byggingarstigum en voru þó það brotakennd að ekki var hægt að greina þau frekar. Hópur [735] var hluti af mannvirki sem hafði greinilega verið endurbyggt margsinnis líkt og önnur mannvirki. Hægt var að greina, grjóthlaðinn vegg [736] ásamt fyllingu í veggnum [737] (brún-appelsínugult torf með dökkgrárrí gjósku, líklegast Katla 1500). Mannvirki [735] lá að hluta til yfir fokmoldarlagi [750] og torfblönduðu lagi [752]. Síðarnefnda lagið lá yfir hlöðnum vegg [753], veggurinn lá í NV-SA. Eingöngu lítill hluti mannvirkisins var grafinn upp þar sem veggurinn fór út fyrir lóðarmörk og var því ekki rannsakaður frekar. Ekki var hægt að tengja vegginn við önnur mannvirki á svæðinu. Undir veggnum var torfblandað lag [754].



Mynd 34 Torfveggur hluti af hóp [735]



Mynd 35 Leifar veggs [753]

5 Gripir Stórasel

Úr rannsóknunum í Stóraseli í janúar-mars og október-nóvember eru skráðir rúmlega 415 fundir, bæði gripir og dýrabein. Val á þeim fundum sem hirtir voru fór fram á vettvangi og næsta val í úrvinnsluferli og var þá nokkrum brotum fargað. Varðveisla þeirra funda sem komu upp við rannsóknina er mjög mismunandi. Dýrabein – eingöngu matarleifar - eru í góðu ástandi og sömu sögu má segja um aðrar lífrænar leifar s.s. textíl og leður þá einnig leir, gler og steina. Málmur er mjög tærður, ryðbrunninn og aflagaður.

Umsjón með greiningu gripa hafði Guðrún Alda Gísladóttir. Sigríður Þorgeirsdóttir greindi leir og gler, Lísabet Guðmundsdóttir tré og Sólveig Guðmundsdóttir Beck steintegundir og kvarnarstein. Nikola Trbojević og Hrönn Konráðsdóttir skráðu frumgögn í gagnagrunn uppgrftarins. Jannie Amsgaard Ebsen forvörður sá um forvörslu og ráðgjöf varðandi meðhöndlun og geymslu gripa.


5.1 Uppgröftur

Við rannsóknina í Stóraseli 2015 fundust samanlagt 415 fundir sem skráðir eru undir 137 fundanúmerum. Eru dýrabeinin þar með talin. Fundanúmerin hefjast á STS15-2-1 og enda á STS115-2-137 og safnnúmer uppgrftarins er 2. Gripirnir fundust á sex skilgreindum svæðum, sjá töflu 1 og 2.

Tafla 1. Dreifing funda eftir svæðum

Svæði	Staður	Fjöldi funda	Prósentu hlutfall	Efnistegundir
2	Nyrðri burst	88	21%	Bein (matarleifar), gler (rúðu og íláts), leirílát, steinn
3	Syðri burst	22	5%	Bein (matarleifar), gler (rúðu og íláts), leirílát, steinn
4	Viðbygging að norðanverðu	27	7%	Bein (matarleifar), gler (rúðu og íláts), leður, leirílát, steinn, viður
5	Viðbygging að vestanverðu	45	11%	Bein (matarleifar), gler (ílát), koparblanda, leirílát
6	Viðbygging að sunnanverðu	4	1%	Járn, steinn, textíll
7	Lóð	227	55%	Bein (matarleifar), blý, gler (rúðu og íláts), járn, koparblanda, korkur, leður, leirílát, málmur, plast, steinn, textíll, viður
Lausafundur		2	0%	Steinn, viður
Samtals		415	100%	

Tafla 2: Skipting funda eftir þeim efnum sem þeir eru úr og á milli svæða.



5.2 Bein

Dýrabeinin sem fundust við rannsókna hafa ekki við greind til tegundar en eru að öllum líkindum að

mestu matarleifar nr. 11, 15, 20, 24, 30, 96, 42 og 112. Flest dýrabeinin fundust á svæði 7 og svæði 4, sjá töflu 3.

Þá er auk þess einn beingripur í safninu, 128, það er fallega skreyttur beihnappur með fjórum götum. Hann fannst á svæði 7.

5.3 Leir

5.3.1 Múrsteinar

Hirtir voru 2 múrsteinar sem skráðir eru undir einu númeri, 109. Eru þeir lýsandi fyrir þær gerðir sem sást við uppgröftinn. Annar er gulleitur og hinn bleik-appelsínugulur að lit og eru þeir fremur grófgerðir. Uppruni óvís og hefur ekki verið greindur. Fundust á svæði 7.

5.3.2 Leirker

Leirkersbrot voru alls 201 og komu flest af svæði 2 eða alls 79 brot, á svæði 7 fundust alls 67 brot en á svæði 5 fundust 30 leirkersbrot og frá svæði 4 voru eingöngu 2 leirkersbrot. Á svæði 3 fundust 19 leirkersbrot og 4 leirkersbrot koma frá óskilgreindu svæði.

Tafla 3

Svæði	Fjöldi
2	79
7	67
5	30
4	2
3	19
Óskilgreint/Lausafundur	4
Samtals	201

Flest brotin eru verksmiðjuunninn hvítur jarðleir (alls 120 brot). Brotin eru bæði óskreytt og skreytt með aðferðum eins og myndþrykkingu (*transfer-printed*), hornmálun (*slip ware*), *sponge* og handmáluð. Brotin eru einna helst af hefðbundnum borðbúnaði eins og diskum, skálum, undirskálum, bollum, súpudiskum, kökudiskum og fötum. Nokkur brot voru með greinanlega framleiðslustimpla eða þrjú, og er eitt þeirra (fundanúmer 2015-2-16) akkeri með reipi. Er það stimpill frá sænska leirkersframleiðandanum Gustavsberg en þar var byrjað að stimpla leirker árið 1839 en líklega er þetta brot yngra eða frá því í kringum 1910.³⁶ Nokkur leirkersbrot fundust úr enskum hvítum jarðleir (*creamware*) eða 13 talsins. Voru þetta aðallega brot af matardiskum og næturgagni(/um). Næturgögn sem þessi hafa verið framleidd á Englandi allt frá 18. öld og fram á 20. öld. Örfá leirkersbrot eða þrjú talsins eru úr tingleirjuðum jarðleir (*tin-glazed earthenware*) en brotin voru það lítil að erfitt er að greina af hvaða íláti þau geti verið. Aðeins fundust þrjú steinleirsbrot en eitt þeirra (fundanúmer 2015-2-9, svæði 2) er úr enskum steinleir með glærum saltglerungi að

³⁶ <https://www.gustavsberg.com/en/about-us-gustavsberg/about-gustavsberg/our-history/>

utan og innan. Hin steinleirsbrotnin eru af framleidd í Þýskalandi en erfitt er að greina þau frekar sökum smæðar. Nokkuð fannst af rauðum jarðleir eða alls 53 brot. Voru þetta aðallega brot úr pottum, skálum, fötum, krúsum, blómapottum og þrífættum pottum. Flest brotin voru eingöngu glerjuð að innan en ekki að utan. Hornmáluð (slipware) leirkersbrot úr rauðum jarðleir koma einna helst frá Hollandi og Englandi. Nokkur brot (7) úr postulíni fundust í Stóraseli. Eitt brotið (2015-2-13, svæði 3) hafði grænan stimpil með mynd af erni og stafina CT, þetta er þýsk framleiðsla frá Carl Tielsch & Co (Altwasser, Schlesien) og var framleitt á árunum 1875-1909.³⁷ Annað þýskt postulínsbrot (fundarnúmer 2015-2-121, svæði 7) hefur framleiðslustimpil sem er tværdökkrauðgylltar rendur uppi við brún að innanverðu og undir er stimpill: "LUZIFER. Bauscher. Weiden. Germany". Leirker af þessari gerð er frá því fyrir 1920.³⁸ Þá fannst einnig eitt brot úr öryggi við uppgröftinn, (fundarnúmer 2015-2-99, svæði 7).

Leirkersbrotnin endurspeglar hefðbundið heimilishald í Stóraseli; eldunarílát, matarílát og borðbúnað, auk næturgagns/gagna og blómapotta. Örfá brot úr fínu postulíni eru í safninu en einnig merki skorts – viðgerðargöt fundust á nokkrum brotum, merki þess að brotin leirker hafi verið spengt saman þegar þau brotnuðu. Brotin koma aðallega frá Englandi og Hollandi en einnig Þýskalandi og falla þau innan tímarammans ca. 1820 – 1950.



5.3.3 Krítarpípur/Tóbakspípur

Aðeins 5 brot af krítarpípum fundust við uppgröftinn. Fjögur brotanna eru úr leggjum sem eru frá 0,5 – 0,75 cm í þvermál. Eitt brotið er úr haus (fundanúmer 57, svæði 7) sem er 2,2 cm í þvermál og 4,5 cm að lengd. Enginn stimpill er á hausnum og eina skreytingin sem er að sjá eru litlar doppur upp við opið. Þar sem hausinn er frekar lóðréttur má ætla að pípar sé frá 19. öld.

³⁷ <http://www.porzellankompass.de/module-Pagesetter-viewpub-tid-2-pid-158-lang-de.html>

³⁸ <http://www.bauscher.com/about-bauscher/bauscher-brand.html>

5.4 Gler

5.4.1 Rúðugler

Alls fannst 31 rúðuglerbrot. Flest brotin koma úr svæði 7 eða 25 brot en eingöngu 1 brot úr svæði 2 og 5 úr svæði 4. Tíu brot eru frekar þunn eða um 1 mm á þykkt og hafa þau aðeins grænleitan blæ. Þessi rúðuglerbrot eru ekki vélgerð. Helmingi fleiri rúðuglerbrot voru hinsvegar vélgerð eða 20 talsins. Þau eru 2-3 mm að þykkt og eru alveg glær. Vélunnin rúðuglerbrot er hægt að aldursgreina frá fyrri hluta 20 aldar. Eitt rúðuglerbrot var flokkað sem öryggisgler en þetta gler er 5 mm að þykkt og með vírneti í. Þessa gerð af gleri er byrjað að framleiða á seinni hluta 20. aldar.

5.4.2 Glerlát

Brot af glerlátum eru alls 44 og fundust flest þeirra á svæði 7. Einnig fundust brot úr glerlátum á svæðum 2,3,4 og 5. Megnið af glerlátunum eru úr vínflöskum eða drykkjarlátum. Nokkur brot fundust úr lyfjaglösum eða alls fjögur og eitt brot úr glerskál. Glerlátin sem fundust eru aðallega frá 20. öld. Nokkur brot voru verksmiðjuunninn og vottaði fyrir stöfum á þeim. Sem dæmi um þetta er brot 2015-2-113 með áletruninni " VAT 69" og undir því "...COTCH WHIS..." Þetta er brot úr viskíflösku - af gerðinni VAT 69 - sem hefur verið framleidd frá lokum 19. aldar og til dagsins í dag en gerð flasknanna hefur ekki mikið breyst í 100 ár.³⁹



STS15-2-6, STS15-2-71 og STS15-2-114.

5.6 Málmar

Fjórir gripir falla undir málmalmennt, það eru myntir tvær: 25 aura peningur frá 1923 og 2 aura peningur frá 1926, skráðir undir fundanúmerinu 52. Eru peningarnir afar tærðir. Aðrir eru leifar af blikkdós, 88 og málmhulsa uppmjó með gengjum við op, 117.

5.6.1 Koparblanda og blý


Gripir úr þessum efnum eru sumir fallegir og athyglisverðir, s.s. skrautþynna 35, skrautfesti (skart) 90, skreyttur hnappur 93 og skreytt lok af öskju 94. Allt eru þetta persónulegir og fallegir gripir. Þá er óupptalið pottbrot með pottahrími 31 og upprúllaður vír sem myndar gorm, 91. Undir fundanúmeri 77 eru nokkrir lampahlutar úr olíulampa úr koparblöndu og blýi þ.á.m. stilliskrúfa. Slíkir lampar fóru að berast til

³⁹ <http://winestyleonline.com/products/VAT-69.html>

Íslands á árunum 1870-1880 og breiddust hratt út.⁴⁰ Á svæði 7 fundust þrír blýgripir, prentletur (prentstafir) úr blýi 76, stept blýsakka, blýsíld, mjög ryðsprungin 92 og skreyttur hnúður af einhverju verkfæri 130.

5.6.2 Járn


Alls eru 39 gripir úr járn, skráðir undir 30 fundanúmerum. Nær allir gripirnir fundust á svæði 7, utan eins sem fannst á svæði 6. Gripaflokkarnir eru mjög fjölbreyttir, naglarnir þó flestir eða um fjórðungur. Þarna eru fjölbreyttir gripir sem vísa til ólíkra nota s.s. verkfæri 134 og 135 og talíukrókur 85, lampafestingar af olíulömpum 79 og 80, tóbaksjárn (nú aðeins með einu viðarhandfangi) 73 og gleraugnahús 75, svo dæmi séu tekin. Varðveisla járnsins er mjög slæm og gripirnir eru tærðir og aflagaðir. Nokkra er hægt að greina sem vírnagla sem var farið að framleiða eftir 1880. Nokkrum járngrípum var fargað í úrvinnsluferli, ókennileg brot afmynduð af ryði.



Efsta röð f.v. Tóbaksjárn STS15-2-73 og gleraugnahús -75. Lok af málmöskju STS15-2-94, festi -90, sakka -92, hnappur -93.

Miðröð f.v. steinar sem áttu að verða sleggjur STS-2-19 og -39. Sleggja STS15-2-56. Neðsta röð f.f. skósóli STS15-2-124 og beinhnappur 2015-2-128.

Tafla 4. Járngripir eftir svæðum



5.7 Leður

Við rannsóknina fundust leifar af að minnsta kosti 6 skóm – og pjötlum – sem koma sennilega úr skóm. Eru þeir skráðir undir fundanúmerum 61, 102, 124 og 125. Einn er inniskór sem hægt hefur verið að smeygja sér í, 102, einn er hælaskór með marnegldum hæl, 124, og einn er einhverskonar spariskór með skreytttri tá, 61 annað eru sólar og fleiri hlutar. Þá fannst fallegur leðurvettlingur í barnastærð, heill, og er hann númer 18. Allir skórnir fundust á svæði 7 en vettlingurinn á svæði 4.

5.8 Textíll

Aðeins eru skráðir tveir textílar, 37 sem er ofinn bútur (vaðmálsvend). Bútur þessi er rifinn en þó er jaðar heill í honum rifinn saumur. Þá fannst einnig vélofinn

efnisbútur, 129. Þá má sjá textíl á járnverkfæri nr. 82, en við það eru ryðgaðar fastar á ágætlega varðveittar textílleifar nánar tiltekið vaðmál, í svartleitu lit.

5.9 Steinar

Steinar eru 14 og skráðir undir 11 fundarnúmerum. Þeir eru bæði óunnir náttúrusteinar sem hafa verið fluttir á svæðið s.s. hrafntinna og ópall en einnig unnir steinar. Fallegur kvarnarsteinn, hálfur, er nr. 17, hann hafði verið endurnýttur í steinstétt utanhúss. Steinninn er efri steinn (En: runner), líklegast staurolít-bíótít glimmerskífa frá Selbu í Noregi, líklega frá lokum 18. aldar eða yngri.⁴¹ Tvö skífurbrýni, 49 og 91, erlend að uppruna, eru meðal gripanna mikið eydd. Þau fundust á svæði 7. Þá fannst í Stóraseli einn vaðsteinn, 72, af venjulegri gerð, lausfundinn. Ein brotin steinsleggja, 56, er í meðal gripanna og ekki síður eftirtektarvert að þar er að finna tvo steina sem byrjað var að meitla til, til sleggjugerðar, 19 og 39, og búið er að forma til brúnir að hluta og höggva í miðjuna en lengra komst verkið ekki.

Steinarnir fundust mjög dreifðir um svæðin, flestir þó á svæði 7, en 1-2 á svæðum 2, 3, 4 og 6.

5.10 Viður

Viðargripir eru fáir en reyndar eru einnig viðarleifar og málmgerðar leifar víða á nokkrum járngrípum sem eru skráðir undir þeim efnisflokki, s.s. hurðarhandfang 83, nagli 64. Til staðar eru handföng af verkfærum 36 og 100 og fúinn, lausfundinn, pípuhaus. Aðrir gripi eru spýtnabrot sem ekki er hægt að fjölyrða um. Alls eru viðargripirnir sex auk viðarleifa á járngrípum. Viðurinn fannst einkum á svæði 7

6 Niðurstöður

Rannsókn í Stóraseli var talsvert frábrugðin flestum þeim rannsóknum sem fornleifafræðingar koma að. Fyrri hluti rannsóknarinnar fór fram innandyrna þar sem lækka þurfti gólflöt hússins. Rannsóknarsvæði voru sjö talsins og réði húsið sjálft skiptingunni. Svæði eitt til sex voru innandyrna en svæði sjö utandyrna. Rannsókn leiddi í ljós að steinhúsið var byggt á sama stað prestbústaðurinn frá 18-19. öld. Komið var niður á mannvirki sem tilheyra þessum bústað en minjarnar voru mikið raskaðar og eingöngu brot af þeim rannsakaðar. Því var ekki hægt að segja fyrir víst hvaða hlutverki rýmin þjónuðu. Mannvirki 5 kann að hafa verið hlaða en mikið hey var í gólfi ásamt lífrænu lagi sem túlkað var sem tað. Það bendir frekar til þess að þarna hafi verið húsdýr. Svæði fjögur og sex voru hvort í sinni viðbyggingu og voru svæðin sem grafin voru á stærð við litla könnunarskurði. Þar af leiðandi var eingöngu hægt að álykta að þar voru rými sem tilheyrðu torfhúsinu, þar sem aðeins fundust brot af hleðslum og hellur. Þrátt fyrir að oft væri ekki nema einn steinveggur á milli svæða reyndist ekki hægt að tengja rýmin saman á milli svæða. Hins vegar leiddi rannsóknin í ljós nokkurn veginn hvar syðri hluti eldra torfhússins hefur staðið. Framhlið hússins hefur líklegast verið á svipuðum stað og framhlið steinhússins er nú, jafnvel aðeins

⁴¹ Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2016. Munnleg heimild. Um kvarnasteina.

austar. Það sem bendir helst til þessarar niðurstöðu er að á svæði 5 voru eingöngu blönduð ruslalög ásamt móöskulögum en engin ummerki fundust um mannvirki. Torfhúsið nær út fyrir lóðarmörk að norðaustanverðu og vestanverðu. Hluti hússins er þar af leiðandi enn varðveittur undir yfirborði garða næstu lóða. Líklegt er þó að það sé raskað vegna lagna og umstangs vegna byggingaframkvæmda.

Gerðfræðigreining gripa bendir til tímabilsins frá fyrri hluta 19. aldar fram til miðrar 20. aldar og voru það einkum leirker, gler og sumir járngríp sem hægt var að greina. Steinkol voru ekki hirt en fundust t.d. á svæði 4 og svæði 7. Steinkol hafa verið flutt til Íslands að minnsta kosti frá því á 18. öld að talið er og voru aðallega notuð við járnsmíðar á 18. öld⁴² og 19. öld.⁴³ Kol til húsakýndingar fara sennilega að verða algengari undir lok 19. aldar og var svo frameftir 20. öld þar til hitaveita tók við. Hitaveita Reykjavíkur var stofnuð 1930 og það sama ár var vatni hleypt í fyrsta húsið í bænum⁴⁴ og næstu áratugina þar á eftir hvarf kolakýnding húsa alveg í Reykjavík.

Gerð og samsetning fundanna endurspeglar reykvískt heimilislíf auk þess sem það gefur innsýn í atvinnuhætti, neyslu og aðgengi að vörum og framleiðslu frá um það bil miðri 19. öld til miðrar 20. aldar.

Fornleifagröftur á núverandi lóð Stórasels leiddi í ljós fá mannvirki sem hægt var að tengja við mannvirki innandyr. Talsvert var af blönduðum ruslalögum, jarðvegsfyllingu til þess að jafna yfirborð áður en steinhúsið var byggt. Líkt og innandyr var svæðið verulega raskað og því ekki hægt að segja mikið um hlutverk þeirra byggingarhluta sem rannsakaðir voru. Torfhúsið liggur að hluta til órannsakað á lóð Holtsgötu 41 en ekki er vitað hversu langt til austurs og suðurs húsið náði. Ekki er ólíklegt að hluta hússins hafi verið raskað þegar húsið á Holtsgötu 41 var byggt. Ekki fundust nein ummerki um miðaldabyggð við þessa rannsókn. Þær minjar sem rannsakaðar voru að þessu sinni reyndust vera frá 18. og 19. öld. Eldri minjar kunna að liggja undir 18. aldar minjunum að austanverðu, þar eru eldri minjar sem ekki var hægt að gera betur grein fyrir.

⁴² Sigfús Haukur Andrússon 1988, bls. 182-183

⁴³ Þór Magnússon 2004, bls. 304

⁴⁴ Orkuveita Reykjavíkur

7 Heimildaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir. 2014. *Fornleifaskráning Stórasels*. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík

Árni Magnússon, Páll Vídalín. 1923-1924. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu og Kjósarsýsla*. 3. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn

C.Tielsch Perzellanmarken. 2009. (Skoðað 10. apríl. 2016) <http://www.porzellankompass.de/module-Pagesetter-viewpub-tid-2-pid-158-lang-de.html>

Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 25-06-1874 til 36-08-1888. Aðf. 733 brunavirðing dags. 05.12.1884

Borgarskjalasafn Reykjavíkur: Brunabótavirðingar. Bók 03-07-1888 til 17.02.1900. Aðf. 734, brunavirðing dags. 09.01.1893

Dupont-Hébert, C. and Woollett, J. 2014. Archaeological investigations at Hjálmarvík. Guðrún Alda Gísladóttir (Ritstj.), *Archaeological Fieldwork at Svalbarð, NE Iceland 2013: Bægisstaðir, Hjálmarvík, Kúðá, Svalbarð, Sjóhúsavík og Skriða*. Fornleifastofnun Íslands, bls. 10 – 25

Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur*. Bindi I og II. Útg. Steindór Jónsson. Reykjavík

Krivogorskaya, Y., Perdikaris, S., McGovern, T.H. 2006. Cleaning Up the Farm: A Later Medieval Archaeofauna from Gjögur, a Fishing Farm of NW Iceland. In Gronnow and Arneborg (eds), *Dynamics of Northern Societies. Proceedings of the SILA/NABO conference on Arctic and North Atlantic Archaeology, Copenhagen, May 10th-14th, 2004* (Publications of the National Museum. Studies in archaeology and history 10). National Museum of Denmark, bls. 381 – 392

McGovern, T.H., Perdikaris, S., Harrison, R., Smiarowski, K., Manigault, N. 2006. *An interim report of the Viking age archaeofauna from Hrísheimar, Mývatn district, N Iceland*. CUNY Northern Science and Education Center

Mackenzie, G. S. 1946. Höfðingjar sóttir heim. Ritstj. Sigurður Grímsson. *Glögg er gests augað. Úrval ferðasagna um Ísland*. 117-130. Útg. Sigurður Grímsson. Reykjavík

Páll Línadal. 1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. 3. bindi. Ritstj. Einar S. Arnalds. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík

Samþykkt kaup á Stóraseli til niðurriffs. Ekki mælt með verndun hússins. 23. nóvember, 1993. *Morgunblaðið*. (Skoðað 12. Janúar 2016 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/116483/>)

Sigfús Haukur Andrússon. 1988. *Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf fríhöndlunar og almenna bænaskráin. I. bindi*. Reykjavík, Verzlunarráð Íslands

Skoðunar- virðingar og úttektargjörð Sels á Seltjarnarnesi. 1830. Hjörleifur Stefánsson færði skjalið yfir á rafrænt form.

The porcelain of tomorrow – since 1881. (Skoðað 10. apríl 2016) <http://www.bauscher.com/about-bauscher/bauscher-brand.html>

Whisky “VAT 69”, 700 ml. (Skoðað 10. apríl 2016) <http://winestyleonline.com/products/VAT-69.html>

Þórir Stephensen. 1996. *Dómkirkjan í Reykjavík. Í iðu þjólfís*. 2. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík

Þór Magnússon. 2004. „Málsmíðar til gagns og prýði.“ *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir, ritstj. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands

Orkuveita Reykjavíkur. *Saga heita vatnsins*. https://www.or.is/sites/default/files/saga_heita_vatnsins.pdf (Skoðað 17.4.2015)

Viðauki 1 Jarðlagaskrá

Rannsóknarnúmer	Safnnúmer	Eininga númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	ID
201501-46	2015-02	100	1	D	Leirlag í kjallara	28.01.15	LG
201501-46	2015-02	101	1	D	Steinlögn í botni kjallara, líklegast dren	28.1.15	LG
201501-46	2015-02	102	1	D	Hellulögn, gólf í kjallara	29.1.15	LG
201501-46	2015-02	103	1	D	Eystri veggur í kjallara	29.1.15	LG
201501-46	2015-02	103	1	D	Norðurhlið kjallara	17.2.15	LG
201501-46	2015-02	200	2	D	Yfirborðslag	28.1.15	NT
201501-46	2015-02	201	2	D	Steinar í norðausturhorni, jöfnunarlag	29.1.15	NT
201501-46	2015-02	202	2	D	Ruslag, líklegast jöfnunarlag	29.1.15	NT
201501-46	2015-02	203	2	D	Torfmiðið lag	30.1.15	NT
201501-46	2015-02	204	2	D	Torfblandað, lífrænt lag, kolaríkt	30.1.15	NT
201501-46	2015-02	205	2	D	Steinahruga í NA horni hússins, jöfnunarlag	2.2.15	LG
201501-46	2015-02	206	2	D	Torflag	2.2.15	NT
201501-46	2015-02	207	2	D	Röð steina sem liggur í NS/AV	2.2.15	LG
201501-46	2015-02	208	2	D	Torfblandað lag, jöfnunarlag	2.2.15	LG
201501-46	2015-02	209	2	D	Torf, ef til vill úr vegg	2.2.15	LG
201501-46	2015-02	210	2	D	Steinhleðsla, hluti af vegg	3.2.15	LG
201501-46	2015-02	211	2	D	Blandað torflag	3.2.15	NT
201501-46	2015-02	212	2	D	Blandað torflag, leirkennt	3.2.15	LG
201501-46	2015-02	213	2	D	Móaska	4.2.15	LG
201501-46	2015-02	214	2	D	Blandað, þét lag, skeljaríkt	4.2.15	LG
201501-46	2015-02	215	2	D	Stétt, fjörugrjót, sunnanmegin	5.2.15	LG
201501-46	2015-02	216	2	D	Stétt, fjörugrjót, norðanmegin	5.2.15	LG
201501-46	2015-02	217	2	D	Blandað, þétt lag, skeljaríkt	5.2.15	LG
201501-46	2015-02	218	2	D	Steinhleðsla, uppi við uppistandandi vegg	6.2.15	LG
201501-46	2015-02	219	2	D	Svart þykkt, þétt leirlag, ef til vill gólf	6.2.15	LG
201501-46	2015-02	220	2	D	Torfblandað lag	6.2.15	LG
201501-46	2015-02	221	2	D	Steinar í torflagi [220]	6.2.15	LG
201501-46	2015-02	222	2	D	Steinar sem mögulega tengjast kjallaranum, fylling	6.2.15	NT
201501-46	2015-02	223	2	D	Innanmál steinhúss, austan megin	9.2.15	LG
201501-46	2015-02	300	3	D	Yfirborðslag, blandað rusl og byggingarúrgangur	9.2.15	NT
201501-46	2015-02	301	3	D	Blandað torflag	9.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	302	3	D	Torfríkt lag, jöfnunarlag	11.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	303	3	D	Steinar, ekki hluti af neinu mannvirki	11.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	304	3	D	Steinhleðsla	11.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	305	3	D	Stétt, hellur	11.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	306	3	D	Torfblandað lífrænt lag	11.2.15	NT/LG

201501-46	2015-02	307	3	D	Steinhleðsla, líklegast hluti af innvegg	12.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	308	3	D	Kolalag, gólf?	12.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	309	3	D	Torfblandað lífrænt lag	12.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	310	3	D	Torfblandað lífrænt lag	13.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	311	3	D	Steinhlaðinn veggur	13.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	312	3	D	Móöskulag	13.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	313	3	D	Gólf	13.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	314	3	D	Blandað lag, lífrænt, torfbútar í norður horni hússins	13.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	315	3	D	Blandað lag, lífrænt, torfbútar í suðurhorni hússins	17.2.15	NT
201501-46	2015-02	316	3	D	Steinar í gólfi, fylling eða jöfnun fyrir gólf	17.2.15	NT
201501-46	2015-02	317	3	D	Steinar, eldri fasi mannvirkisins	17.2.15	NT
201501-46	2015-02	318	3	D	Torflag	17.2.15	NT
201501-46	2015-02	319	3	D	Kolalag	17.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	320	3	D	Blandað torflag, leirmikið, torfblandað og í því eru einnig steinar	18.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	321	3	D	Kolalag	18.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	322	3	D	Gólflag	19.2.15	NT
201501-46	2015-02	323	3	D	Torfblandað lag, fylling í vegg?	19.2.15	NT
201501-46	2015-02	324	3	D	Steinhlaðinn veggur, austan megin	20.2.15	NT
201501-46	2015-02	325	3	D	Hellur, líklegast gólf	20.2.15	NT
201501-46	2015-02	400	4	D	Yfirborðslag, steypa, mól og sandur	19.2.15	LG
201501-46	2015-02	401	4	D	Stétt, fyrir framan viðbyggingu ásamt kvarnasteini	19.2.15	LG
201501-46	2015-02	402	4	D	Steinhleðsla undir viðbyggingu	19.2.15	LG
201501-46	2015-02	403	4	D	Grjót, dren undir eldri viðbyggingu	19.2.15	LG
201501-46	2015-02	404	4	D	Púkk undir stétt [401]	20.2.15	LG
201501-46	2015-02	405	4	D	Grjót, dren eða jöfnunarlag	24.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	406	4	D	Torfblandað lag, fylling/jöfnun	24.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	407	4	D	Grjóthleðsla ásamt öðru grjóti, hrun líklegast	24.2.15	NT/LG
201501-46	2015-02	408	4	D	Torfblandað lag, lífrænt,	25.2.15	NT
201501-46	2015-02	409	4	D	Móöskublandað lag, talsvert af skeljum og fiskibeinum	25.2.15	LG
201501-46	2015-02	410	4	D	Torfblandað lag	25.2.15	NT
201501-46	2015-02	411	4	D	Grjóthrun úr vegg [407]	25.2.15	NT
201501-46	2015-02	412	4	D	Torfblandað lag, með kolum	26.2.15	NT
201501-46	2015-02	413	4	D	Grjóthleðsla, veggur	27.2.15	NT
201501-46	2015-02	414	4	D	Torflag, hluti af vegg	27.2.15	NT
201501-46	2015-02	415	4	D	Grjót í gólfi, mögulega til jöfnunar	27.2.15	NT
201501-46	2015-02	416	4	D	Lífrænt gulbrúnt lag	27.2.15	NT
201501-46	2015-02	417	4	D	Gólflag, feitt	27.2.15	NT

201501-46	2015-02	418	4	D	Grjóthlaðinn veggur	2.3.15	NT
201501-46	2015-02	419	4	D	Torfblandað, lífrænt lag	2.3.15	NT
201501-46	2015-02	420	4	D	Hellugólf	2.3.15	NT
201501-46	2015-02	500	5	D	Yfirborðslag, blandað	25.2.15	LG
201501-46	2015-02	501	5	D	Skeljalag ásamt grjóti	26.2.15	LG
201501-46	2015-02	502	5	D	Móöskublandað lag, rusl	27.2.15	LG
201501-46	2015-02	600	6	D	Yfirborðslag, steypa, mól og sandur	3.3.15	NT
201501-46	2015-02	601	6	D	Uppistandandi veggir, útlínur svæðis	3.3.15	LG
201501-46	2015-02	602	6	D	Torfblandað lag með Kötlu 1500 gjósku	4.3.15	LG
201501-46	2015-02	603	6	D	Blandað torflag, leirríkt	4.3.15	NT
201501-46	2015-02	604	6	D	Torfveggur og hrun, greinilega strenghlaðinn	4.3.15	LG
201501-46	2015-02	605	6	D	Ruslslag, torf, steinar ásamt flekkjum af Kötlu 1500	5.3.15	NT
201501-46	2015-02	606	6	D	Torfveggur, strenghlaðinn. Veggurinn liggur í N/S	5.3.15	LG
201501-46	2015-02	607	6	D	Grjóthleðsla undir torfvegg [606]	5.3.15	LG
201501-46	2015-02	608	6	D	Gólfslag, svart og þétt vestan við vegg [606] mikið hey, líklegast gólf í gripahúsi	5.3.15	LG
201501-46	2015-02	609	6	D	Dökk grátt lag, lífrænt, líklegast gólf. Líklega það sama og [608]	5.3.15	NT
201501-46	2015-02	610	6	D	Blandað lag, brennd bein, kol, ruslslag	5.3.15	LG
201501-46	2015-02	611	6	D	Flatir steinar undir gólfi	5.3.15	NT
201501-46	2015-02	612	6	D	Torfblandað lag, mikið hey, líklegast húsdýragólf	6.3.15	LG
201501-46	2015-02	613	6	D	Torfblandað lag, mjög lífrænt	6.3.15	NT
201501-46	2015-02	614	6	D	Hellur í gólfi	6.3.15	LG
201501-46	2015-02	615	6	D	Blandað lag, talsvert af grjóti, ef til vill jöfnunarlaga	6.3.15	NT
201501-46	2015-02	616	6	D	Grjóthleðsla, veggur	6.3.15	NT
október utan húss							
201501-46	2015-02	717	7	D	Móöskublandað lag	13/10/15	HK
201501-46	2015-02	718	7	D	Blandað móöskulag, kol og skeljar	13/10/15	NT
201501-46	2015-02	719	7	F	Fylling í skurði nálægt SA-enda hússins	13/10/15	HK
201501-46	2015-02	720	7	C	Skurður nálægt SA-horni hússins	13/10/15	HK
201501-46	2015-02	721	7	D	Steinar/hrun?	13/10/15	NT
201501-46	2015-02	722	7	D	Blandað ruslslag - torf bútar, leðja, steinar	13/10/15	NT
201501-46	2015-02	723	7	D	Blandað ruslslag	14/10/15	HK/LP
201501-46	2015-02	724	7	D	Torfhrun - ofan á nútímaskurði	15/10/15	HK
201501-46	2015-02	725	7	D	Torfblandað lag og leðja	15/10/15	NT
201501-46	2015-02	726	7	D	Nútíma ruslslag	16/10/15	HK
201501-46	2015-02	727	7	D	Steinar/hrun (hlui af steinvegg eða grunni)	16/10/15	NT

201501-46	2015-02	728	7	D	Undirstaða undir vegg - seinni fasa	16/10/15	NT
201501-46	2015-02	729	7	D	Hrun (úr vegg)	17/10/15	LP
201501-46	2015-02	730	7	D	Hrun	17/10/15	LP
201501-46	2015-02	731	7	D	Norður veggundirstaða - fyrri fasa	19/10/15	NT
201501-46	2015-02	732	7	D	Blandað lag (blandað sorplag)	19/10/15	LP
201501-46	2015-02	733	7	D	Torfblandað lag	20/10/15	NT
201501-46	2015-02	734	7	F	Fylling í nútímaskurði [739]	20/10/15	NT/HK
201501-46	2015-02	735	7	Gr.	Veggur og fylling	21/10/15	LP
201501-46	2015-02	736	7	D [735]	Steinhleðsla á innbrún veggjar	21/10/15	LP
201501-46	2015-02	737	7	D	Veggfylling	21/10/15	LP
201501-46	2015-02	738	7	D	Hrun, sama og [730]	28/10/15	LP
201501-46	2015-02	739	7	C	Nútímaskurður fyrir [734]	28/10/15	NT
201501-46	2015-02	740	7	D	Torfhrun	28/10/15	NT
201501-46	2015-02	741	7	D [742]	Gólf í [742] / steinkol	28/10/15	LP
201501-46	2015-02	742	7	Gr.	Hópnúmer fyrir mannvirki á suðurhluta rannsóknarsvæðis	29/10/15	LP
201501-46	2015-02	743	7	D [742]	Gólf í [742]. Same phase as [741]	29/10/15	LP
201501-46	2015-02	744	7	D	Torfhrun	29/10/15	NT
201501-46	2015-02	745	7	D	Nútíma torf / blandað með nútíma efni	30/10/15	HK
201501-46	2015-02	746	7	D	Torf, ruslalat	02/11/15	NT
201501-46	2015-02	747	7	D	Hálf-lífrænt svart/brúnt lag	03/11/15	NT
201501-46	2015-02	748	7	D	Stein veggur á suðurhluta svæðisins	03/11/15	HK
201501-46	2015-02	749	7	D	Torf, ruslalat	03/11/15	NT
201501-46	2015-02	750	7	D	Ýmislegt efni (hrun) – áfok	04/11/15	LP
201501-46	2015-02	751	7	D	Lag með mikið af kolum	04/11/15	NT
201501-46	2015-02	752	7	D	Hrun, líklega úr veggjum	04/11/15	LP
201501-46	2015-02	753	7	D	Steinaröð	09/11/15	NT
201501-46	2015-02	754	7	D	Torflag	09/11/15	NT
201501-46	2015-02	755	7	D	Steinaröð	09/11/15	LP
201501-46	2015-02	756	7	D	Stone structure, truncated on 2 sides	09/11/15	LP
201501-46	2015-02	757	7	D	Steinaröð - horn - við SA-horn hússins	10/11/15	HK
201501-46	2015-02	758	7	D	Gólf	10/11/15	LP/HK
201501-46	2015-02	759	7	D	Torf, ruslalat	12/11/15	NT
201501-46	2015-02	760	7	D	Torflag innanhúss	12/11/15	HK
201501-46	2015-02	761	7	D	Gólf	12/11/15	NT
201501-46	2015-02	762	7	D	Torflag	12/11/15	HK
201501-46	2015-02	763	7	D	Blandað torf og leðja	12/11/15	NT
201501-46	2015-02	764	7		Steinaröð	12/11/15	NT
201501-46	2015-02	765	7		Steinveggur í NA-hornið hússins	16/11/15	HK
201501-46	2015-02	766	7		Steinar röð - vegg (leifar grjóthleðslu)	16/11/15	NT

201501-46	2015-02	767	7		Gólflag í NA-horn hússins	16/11/15	HK
201501-46	2015-02	768	7		Steinar, fylling (inni í [766])	17/11/15	NT
201501-46	2015-02	769	7		Hópnúmer fyrir steinhleðslu [766] og grjótfyllingu [768] sem henni tengist	17/11/15	NT
201501-46	2015-02	770	7		Torfhrun	17/11/15	NT
201501-46	2015-02	771	7		Gólflag	17/11/15	HK
201501-46	2015-02	772	7		Suðurhlut af svæðis- við lok rannsóknar	23/11/15	NT/HK
201501-46	2015-02	773	7		Norðurhlut svæðis- við lok rannsóknar	24/11/15	NT/HK
201501-46	2015-02	774	7	D [742]	Hellulögn (Stone-built pavement)	03/11/15	NT/HK

Viðauki 2 Fundaskrá

Tafla 5

Fundanúmer	Nr. lags	Svæði	Tegund	Efni	Lýsing	Þyngd	Fjöldi
STS15-2-001	205	2	Ílát	Leir	Leirkersbrot, nútímalegt	5,5	1
STS15-2-002	208	2	Aðfluttur steinn	Steinn	Rauður jaspis, núinn.	2,4	1
STS15-2-003	208	2	Ílát	Leir	Leirker, annað með blári skreytingu	34	2
STS15-2-004	211	2	Ílát	Leir	Leirker, brún skreyting, skál	58	1
STS15-2-005	212	2	Rúða	Gler	Rúðugler	4,5	1
STS15-2-006	212	2	Ílát	Gler	Glerflaska	20,6	1
STS15-2-007	212	2	Ílát	Gler	Ílát	4	1
STS15-2-008	212	2	Ílát	Gler	Lítið brot, hlutverk óþekkt	0,5	1
STS15-2-009	209	2	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	992	54
STS15-2-010	214	2	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	111	13
STS15-2-011	214	2	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	5,9	4
STS15-2-012	217	2	Ílát	Leir	Leirker, nútímaleg	134	8
STS15-2-013	301	3	Ílát	Leir	Leirker, diskur og fleira	199	9
STS15-2-014	301	3	Ílát	Gler	Lítið brot, hlutverk óþekkt	18	1
STS15-2-015	300	3	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	6,1	1
STS15-2-016	300	3	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	105	10
STS15-2-401	4		Kvarnarsteinn	Steinn	Steinninn er efri steinn (En: runner),	1600	1

017					líklegast staurolít-bíótít glimmerskífa frá Selbu í Noregi, líklega frá lokum 18. aldar eða seinna. Stærri 20 cm minni 10 cm	0	
STS15-2-018	404	4	Vettlingur	Leður	Barnsvettlingur úr leðri. Vel varðveittur. Lengd um 15,3 cm frá opi fram á totu. Breidd við op um 9 cm og breidd við totu um 5 cm.	73,2	1
STS15-2-019	311	3	Sleggja	Steinn	Kringlóttur steinn með flatur. Búið að meitla grunna holu um miðbik beggja vegna. Hefur átt að verða sleggja sem ekki komst lengra á veg. Þvermál um 23 cm. Þykkt um 5 cm. Úr fínblöðróttu dólerít (grágrýti).	4900	1
STS15-2-020	403	4	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	39,9	5
STS15-2-021	409	4	Ílát	Gler	Flöskubrot	29,2	3
STS15-2-022	409	4	Ílát	Leir	Leirker	112	2
STS15-2-023	409	4	Aðfluttur steinn	Steinn	Líklegast ópall, vatnssorfinn, ljósgrábrúnn og hvítur, holufylling	6,2	1
STS15-2-024	410	4	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	391	7
STS15-2-025	416	4	Ílát	Leir	Krítarpípubrot, leggir	5,1	2
STS15-2-026	416	4	Rúða	Gler	Rúðugler	6,5	5
STS15-2-027	416	4	x	Viður	x	x	x
STS15-2-028	502	5	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	228,4	19
STS15-2-029	502	5	Ílát	Leir	Krítarpípa, leggir	2,7	2
STS15-2-030	502	5	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	1,7	1
STS15-2-031	502	5	Pottur	Koparblanda	Sennilega pottbrot, pottahrím á brotinu utanverðu. Örlítið sveigð hömruð koparþynna, óregluleg í laginu og allar hliðar brotnar. A.m.k. tveir koparnaglar með róm negldar í, nær að innanverðu.	18,7	1
STS15-2-032	502	5	Ílát	Gler	Flöskugler	130,3	6
STS15-2-033	501	5	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	183,9	11
STS15-2-034	501	5	Ílát	Gler	Flöskugler, með áletrun	54,3	2
STS15-2-035	501	5	Skrautþynna	Koparblanda	Skrautþynnur tvær úr koparblöndu, eins. Annar endi beggja þynnanna skemmdur. Smá festingagöt (um 1 mm) í hornunum sem eru heil og í miðju. Stimplaðar doppur og strik, sennilega í vél. Þynnurnar hafa verið til skrauts og hlífðar á leðri eða viði. Hlutverk óþekkt.	17,9	2

STS15-2-036	501	5	Handfang	Viður	Sennilega skaft eða handfang. Ílangur viðarbútur, örlítið straumlínulaga, sívalur í sniði. Illa farinn. Annar endi sagaður þvert, hinn brotinn.	9,7	1
STS15-2-037	603	6	Textíll	Textíll/málmur	Ofin textílpjatla (vaðmálsvend). Jaðrar til staðar að hluta og þar í grófur saumþráður. Tvö göt eru á textílnum og í þeim var undinn járnnaagli með viðarleifum, eins og pjatlan hafi verið negld við spýtu. Lengd um 11,5 og breidd um 5,5 cm.	12,3	2
STS15-2-038	603	6	Nagli	Járn	Nagli, oddur brotinn af. Ryðgaður.	9,2	1
STS15-2-039	605	6	Sleggja	Steinn	Kringlóttur steinn með flatur. Búið að meitla grunna holu um miðbik öðru megin. Hliðar aðeins fleygaðar. Hefur sennilega átt að verða lítil sleggja sem ekki komst lengra á veg. Þvermál 13 cm. Þykkt 4,2 cm. Steinninn er fínblöðrótt dólerít (grágrýti).	1105	1
STS15-2-040	100	7	Ílát	Leir	Leirker, diskur og fleira	284,7	4
STS15-2-041	718	7	Ílát	Gler	Ílát	63,7	3
STS15-2-042	718	7	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	20,2	4
STS15-2-043	718	7	Ílát	Leir	Leirkersbrot	25,9	4
STS15-2-044	718	7	Plata	Járn	Ílönng járnplata, brotin, ryðguð og tærð.	43	1
STS15-2-045	719	7	Ílát	Gler	Glerbrot úr fyllingu [719] flöskugler	33,8	3
STS15-2-046	719	7	Þynna	Járn	Járnþynna, brotin í annan enda, málmband af einhverju tagi.	38,6	1
STS15-2-047	722	7	Ílát	Gler	Flöskugler	7,7	1
STS15-2-048	722	7	Ílát	Leir	Leirkersbrot, ýmsar gerðir	73,7	12
STS15-2-049	723	7	Brýni	Steinn	Brýnisbútur, flatt í þverskurði. Úr ljósu glimmerríkri skífur, brotið í báða enda og mikið eytt. Brotið passar saman við STS15-2-107. Heildarlengd brýnisbrotanna er um 11,6 cm.	15,1	1
STS15-2-050	723	7	Hnífur	Járn	Skaftendi/tangendi af hnífi með breiðum tanga sem á hafa verið ánegldar kinnar. Hnífsendinn/tangaendinn gæti hafa verið breiðari en megintangi. Brotinn í tvo hluta. Mjög ryðgaður.	27,1	2
STS15-2-051	738	7	Merki	Járn	Lítill járnkringla 2,2 cm í þvermál og um 0,2 cm á þykkt, með mjóum brotnum járntitti. Ef til vill merki eða innsigli af varningi	0,9	1
STS15-2-052	738	7	Mynt	Málmur	Tveir peningar: 25 aura peningur frá 1923 og 2 aura peningur frá 1926.	5,2	2
STS15-2-	738	7	Hnappur	Koparbland	Hnappur úr kopar, kúptur að ofan og	4	1

053				a	flatur að neðan og þar er áföst lykkja. Skreytið líkir eftir vefnaði.		
STS15-2-054	749	7	Rúða	Gler	Rúðugler	4,0	1
STS15-2-055	749	7	Ílát	Leir	Leirker, botn úr skál	36,6	1
STS15-2-056	730	7	Sleggja	Steinn	Tæplega þriðjungsbrot úr steinsleggju, brotið er um 14 cm langt og þykkt um 6 cm. Fallega rúnnað á hliðum. Upphaflegt þvermál hefur verið um 18 cm. Basalt, <2% ólívíndílar < 2 mm að stærð, fínblöðrótt.	269,4	1
STS15-2-057	748	7	Tóbakspípa	Leir	Kritarpípuhaus	7,6	1
STS15-2-058	758	7	Ílát	Leir	Leirkersbrot	3	1
STS15-2-059	760	7	Ílát	Leir	Leirkersbrot með bláu skrauti	5,1	2
STS15-2-060	762	7	Ílát	Gler	Ílát	1,4	1
STS15-2-061	743	7	Skór	Leður	Skór. A) Hluti af yfirleðri og tá. Lengd um 14x9 cm. B) Sólar tveir, skertir annar er 12x6,5 cm, hinn er um 10x6 cm. Saumför eru á jöðrum.	40	2
STS15-2-062	743	7	Ílát	Gler	Flöskugler	12,7	1
STS15-2-063	767	7	Ílát	Leir	Leirkersbrot, annað með bláu skrauti	11,5	2
STS15-2-064	767	7	Nagli	Járn	Tveir naglar, heilir en mjög ryðgaðir. Einn er vírnagli (frá því eftir ca. 1880), lengd 8,3 cm. Hinn er hefur ferstrendan legg sem dregst saman í odd á allar hliðar. Endi boginn. Málmgerðar viðarleifar á gripnum, lengd 7,7 cm.	23,6	2
STS15-2-065	767	7	Unnin spýta	Viður	Tvö spýtnabrot, hlutverk ekki vitað. Einkum hugsað til gerðagreiningar. Stærð stærri spýtunnar um 22,5x3x0,8 cm.	13,4	2
STS15-2-066	719	7	Rúða	Gler	Rúðugler	9,7	1
STS15-2-067	734	7	Leikfang	Plast	Heilt plastleikfang. Dádýr, bambi. Hægt að snúa hausnum, svart bak með rauðum doppum. Við ýluop stendur 'made in china' og 'pvj 40'.	35,1	1
STS15-2-068	722	7	Rúða	Gler	Rúðugler	2,4	1
STS15-2-069	760	7	Rúða	Gler	Rúðugler	2,6	1
STS15-2-070	718	7	Nagli	Járn	Nagli með flatan lítinn haus, ca. 1,4 cm í þvermál. Leggur sveigður og oddur brotinn af.	8,6	1
STS15-2-071	100	7	Ílát	Gler	Flöskugler	306	3
STS15-2-	lausaf	lausafun	Vaðsteinn	Steinn	Aflangur vaðsteinn (sakka) með gróp	837	1

072	undur	dur			fyrir reipi. Grópin er fremur óregluleg. Úr fínkornóttu dóleríti (grágrýti), fínblöðrótt.		
STS15-2-073	100	7	Tóbaksjárn	Járn/viður	Tóbaksjárn með venjulegu lagi en óvenju þunnu blaði 0,8-1,2 cm. Blaðið er undið og skemmt og brotið í annan enda. Lengd járnsins er um 14,7 cm. Eitt viðarhandfang til staðar, 9,5 cm langt með rúnnað snið 2,1x2,4 cm.	55,3	1
STS15-2-074	200	lausafundur	Pípa	Viður	Pípuhaus úr viði, nú fúinn og tærður. Munnstykkið hefur vísað upp á við. Þvermál hauss um 3,1 cm, þykkt um 4 cm.	16	1
STS15-2-075	100	7	Gleraugnahús	Járn	Gleraugnahús, hulstrið eitt eftir. Ryðtekið.	64,1	1
STS15-2-076	100	7	Prentletur	Blý	Prentletur (prentstafir) úr blýi. Nokkur orð eða stafir á jaðri blýþynnunnar. Tærðir.	40,3	1
STS15-2-077	100	7	Lampi	Koparblanda	Sex hlutir úr koparblöndu og blýi. Fjórir gripir eru af olíulampa: Skrúfa úr koparblöndu og þynnur umhverfis tré og textíl (kveikur) og neðsti hnúðurinn eða endinn úr blýi. Þá er einn einfaldur koparhringur og ein málþýnna brotin og tærð.	104,6	1
STS15-2-078	100	7	Nagli	Járn	Stór nagli með flatan hringlaga haus, um 2,2 cm í þvermál. Snið leggs sívalt. Mjög ryðtekinn.	71,7	1
STS15-2-079	100	7	Lampi	Járn	Þessi gripur er sennilega teinn úr upphengi olíulampa. Skreyttur en er afar ryðgaður.	63,7	1
STS15-2-080	100	7	Lampi?	Járn	Hluti af efsta hluta lampa? Hvitt, emilerað hringlaga lok eða dós, með gati, nú aflöguðu, í miðjunni. Virðist sóttugt að innan. Þykkt gripsins um 0,2 cm.	29,4	1
STS15-2-081	100	7	Hnífur	Járn	Tveir hnifar með breiðum tanga sem hafa haft áfestar kinnar. Hnífarnir eru svipaðir að formi, en illa varðveittir. A) Hnífur með brotinn tanga og blað, stallur milli tanga og blaðs nær lóðréttur. Bak beint. Lengd um 15,8 cm, breidd blaðs um 2,8 cm og breidd tanga um 2 cm. Þykkt blaðs um 0,3 cm og þykkt tanga um 0,5 cm. B) Minna brot en A) en að öðru leyti líkt, lengd um 11,2 cm, breidd blaðs um 3,4, breidd tanga um 2,4. Þykkt um 0,3 cm.	81,1	2
STS15-2-082	100	7	Hlutur	Járn	Sveigður járnhlutur með sama lagi og skeifa en járneið er of þykkt og mjótt 1,1x0,6 cm. Endar brotnir. Við hlutinn hefur ryðgað textill sem hefur málmerst.	64,5	1
STS15-2-083	100	7	Hurðarhandfang	Járn/viður	Handfang úr mjög tærðum viði sem hefur umbreytt af snertingu við járn.	121,8	1

					Handfangið er rennt og er um 12,3 cm á lengd. Við það er fastur járnteinn sem gengið hefur í gegnum hurðina, ferstrendur 1x1 cm á kant. Lengd teins 12,4 cm.		
STS15-2-084	100	7	Handfang	Járn	Tvö járnhandföng, A) af kistli, B) af stórum potti.	147	2
STS15-2-085	100	7	Krókur	Járn	Stór og mikill krókur með lykkju í á. Heill en ryðgaður. Lengd um 17,5 cm. Mesta haf yfir bug um 7 cm. Lykkjan (ca. 6,3 cm í þvermál) er þvert á krók. Svo virðist sem hjól (um 4,5 cm í þvermál) með rás fyrir reipi sé fast við lykkjuna. Er sennilega krókur til að festa í talíu eða þvíumlíkt.	437,7	1
STS15-2-086	100	7	Verkfæri	Járn/viður	Verkfæri. Viðarhandfang um tangann, að mestu brotið. Er sennilega meitill, um 1,2 cm breitt og virðist halda breidd sinni en þynnast. Mjög ryðgað. 11,5 cm langt.	32,6	1
STS15-2-087	100	7	Bolti	Járn	Heill, stór og mikil bolti til að herða með skiptilykli. Gengjurnar ná að hausnum, endinn er flatur. Úr vélbúnaði.	111,6	1
STS15-2-088	100	7	Dós	Málmur	Málm dósi, botnbrot. Þvermál hennar hefur verið um 6,1 cm. Mjög ryðbrunninn.	22,1	1
STS15-2-089	100	7	Keipur	Járn	Handfang úr járn, endar snúnir í lykkju	800	2
STS15-2-090	100	7	Festi	Koparblanda	Festi, keðja, ef til vill úrkeðja eða armband. Gerð úr litlum hringum sem eru festir saman. Breidd festar um 1 cm lengd um 8,6 cm. Hver hringur er 0,5 mm breiður og 5 mm langur. Fimm samfestir hringir mynda breidd festarinnar. Festing til staðar en ryðguð.	7,4	1
STS15-2-091	100	7	Vír	Koparblanda	Upprúllaður koparvír, svo úr verður gormlaga flækja, um 3,2 cm há og um 2,4 m í þvermál. Snið vírs kringlótt og þvermál hans er um 0,15 cm.	10,6	1
STS15-2-092	100	7	Sakka	Blý	Steypt blýsakka, blýsild, mjög ryðbrunninn. Einkum 19. -snemma á 20. öld.	36,6	1
STS15-2-093	100	7	Hnappur	Koparblanda	Koparhnappur, lítill um 1,5 cm í þvermál og 0,5 cm á þykkt. Samsettur úr neðrihluta úr járn og efrihluta úr koparblöndu. Skreytið er upphleyptur hringur og skraut í miðju. Járnlykkja að neðan. Gripurinn er tærður.	0,9	1
STS15-2-094	100	7	Lok	Koparblanda	Lok af ferhyndri málmöskju úr koparþynnu. Brúnir beygðar svo þær hafa náð niður á hliðar öskjunnar. Leifar lama/festinga við aðra langhlið. Bómaskreyti við eitt hornið. Þykkt málsins um 0,5 mm. Lokið er undið	39,3	1

					og tært.		
STS15-2-095	100	7	Festing	Plast	Brotin plastfesting, flöng með tveimur opum, ef til vill af klæðnaði, axlaböndum t.d.	2	1
STS15-2-096	100	7	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	16,6	7
STS15-2-097	100	7	Flís	Leir	Brot úr gólfhlís, með texta	240,7	1
STS15-2-098	100	7	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	411,7	28
STS15-2-099	100	7	Ílát	Leir/málmur	Öryggi	8,2	1
STS15-2-100	100	7	Verkfæri	Viður/málmur	Handfang af verkfæri? Symmetrískur hlutur, straumlínulagaður sívalur í þverskurði. Endar þverskornir. Lengd um 7,3 cm. Þykkt um miðju um 2,8 cm, þvermál til enda um 2 m. Um miðjan hlutinn gengur járnstuttur í gegnum hann en brotinn.	17,8	1
STS15-2-101	100	7	Unnin spýta	Viður	Brot af spýtu með boruðu gati. Hlutverk óvíst.	38	1
STS15-2-102	100	7	Skór	Leður	Þrjár leðurþjötur sennilega af sama skó eða sama pari. Sennilega inniskór eða skór sem hægt hefur verið að smeygja sér í. A.m.k. eitt yfirstykki, lengd þess er um 24 cm og breidd um 13. Hin stykkinn eru minni. Erlent að uppruna.	27,4	3
STS15-2-103	100	7	Ílát	Gler	Lampagler	8,4	4
STS15-2-104	100	7	Rúða	Gler	Rúðugler	47,2	4
STS15-2-105	100	7	Ílát	Gler	Brot úr skál	38,7	1
STS15-2-106	100	7	Ílát	Gler	Stútar af glerflöskum	205,5	3
STS15-2-107	100	7	Brýni	Steinn	Brýnisbútar tveir, ekki úr sama brýni. A) Brýnisbútur úr ljósum glimmeruðum skífursteini, 5,8x2,2x1 cm. Skemmd á annarri hliðinni, báðir endar brotnir, mjög eytt. Brotið passar við STS15-2-49. B) Mjótt brýni, endabrot, annar endi brotinn. Úr dökkum skífursteini, 7,6x1,4x0,5 cm.	33	2
STS15-2-108	100	7	Aðfluttur steinn	Steinn	Hrafninn x2	17,8	2
STS15-2-109	100	7	Múrsteinn	Leir	Tveir brotnir múrsteinar. Annar er rauðleitur, sorfinn og á honum brunamerki, 12,1x13,7x3,9 cm. Hinn er gulleitur og aðeins smábrot 6x6,8x2,7 cm.	687,9	2
STS15-2-110	738	7	Rúða	Gler	Rúðugler	119,9	14
STS15-2-111	738	7	Rúða	Gler	Öryggisgler	39	1
STS15-2-	738	7	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	1,4	1

112							
STS15-2-113	738	7	Ílát	Gler	Flöskugler	129,4	2
STS15-2-114	738	7	Ílát	Gler	Fótur af glasi	44,7	1
STS15-2-115	738	7	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	171,1	11
STS15-2-116	738	7	Aðfluttur steinn	Steinn	Hrafninn, önnur hlið grá á stærri steini vegna kvarsholufyllinga á yfirborði, innlyksur af kvasi eða feldspati í grófu blöðróttu hliðinni, minni steinn grænleitur, hrafninn getur verið græn. Upprunastaður óviss.	980	2
STS15-2-117	743	7	Hulsa	Málmur	Hulsa, hlíf með skrufgangi. Skreytt en tært. Á því stendur 'made in USA' og 'CM' fyrir ofan þá stafaröð.	11,9	1
STS15-2-118	743	7	Handfang	Járn	Handfang, emilerað blátt. Gæti verið af fótuloki. Sbr. Mynd af fötu nr. 2008-192 í Bygðasafni Vestfjarða.	19,9	1
STS15-2-119	743	7	Nagli	Járn	Þrír ryðbrunnir naglar. Einn gæti reyndar verið meitill. Allt mjög óljóst. Lengsti naglinn er 7,1 cm	47,8	2
STS15-2-120	743	7	Festing	Járn	A) Stór rörafesting með gengjum við bæði göt. 18x8 cm. B) Festingarbúnaður 6,9x4,1 cm.	458	2
STS15-2-121	743	7	Ílát	Leir	Leirker, ýmsar gerðir	57,9	4
STS15-2-122	743	7	Ílát	Gler	Flöskugler	82,9	4
STS15-2-123	743	7	Rúða	Gler	Rúðugler	16,7	2
STS15-2-124	743	7	Skór	Leður	A) Hæll, hælstykki og sóli. Hællinn samsettur úr 6 hælstykkjum og margnegldur. Rifinn um miðjan sólann, þar sem hann er mjóstur. Um 14 cm langur. B) Leðurþjatla með grófum saumagötum meðfram einum jaðri, rifinn.	96,9	1
STS15-2-125	743	7	Skór	Leður	Tvö leðurfrildi úr sama hlut, með stórum götum á jöðrum (0,5 cm í þvm), sem í hafa verið járnstíttir eða naglar. Leifar járnagla er í einu gati. Sennilega af skó. Stærri þjatlan mælist um 6x5 cm.	7,2	2
STS15-2-126	743	7	Dýrabein	Bein	Dýrabein. Ógreind til tegundar	62,3	10
STS15-2-127	743	7	Tappi?	Korkur/viður	Lok eða tappi? Korkstykki, kringlóttur um 6,2 cm í þvermál og um 3,2 cm á þykkt. Ofan í mitt stykkið hefur verið stungin spýta með óreglulegt ferstrent snið, c. 0,8x0,8 cm, lengd um 12,9 cm. Hlutverk óvíst.	24,5	1
STS15-2-128	743	7	Hnappur	Bein	Falleg beintala með fjórum götum. Skreyttur að ofan: Kúpt brún sem fylgir jaðri og minni hringlaga skora er	1,8	1

					utan um götin 4 í miðri tölunnar, sem boruð eru í flöt sem er hærri en skoran. Þvermál tölunnar er 1,9 cm og þvermál innri skoru er 0,8. Að neðan er talan örlítið kúpt og skrautlaus. Þykkt gripsins er 0,4 cm.		
STS15-2-129	100	7	Textíll	Textíll	Vélofið efni. Tveir jaðrar heilir og annar faldaður.	7,3	1
STS15-2-130	743	7	Hnúður	Blý	Skreyttur blýhnúður með járnfestingu sem er nú brotin og ryðguð. Gæti verið endahnúður af járnáholdi eða skrúfa af olíulampa. Hnúðurinn mjókkar upp og er skreyttur hringjum. Á brúnum eru smá göt með reglulegu millibili.	10,8	1
STS15-2-131	100	7	Nagli	Járn	Þrír naglar, vélgerðir. Bognir og ryðgaðir. Sá heillegasti mældur 12,7 cm, hinir styttri.	62,9	3
STS15-2-132	100	7	Lás	Járn	Ryðbrunnin lás, hurðarlás.	89	1
STS15-2-133	100	7	Hnífur	Járn	Hnífur með breiðan tanga sem hefur haft áfestar kinnar. Hnífsblaðið brotið burtu.	57,6	1
STS15-2-134	100	7	Verkfæri	Járn	Meitill eða svipað verkfæri. Flatur hringlaga haus. Leggur er sívalur efst, ferstrendur um miðjukafla og er neðst tígullaga. Þvermál efst er mest um 11,5 cm en minnkar að oddi og er þar um 0,7x0,4 cm. Bláoddur brotinn af. Textílleifar (vaðmálsvend) hafa ryðgað fastar við hlutinn en eru ágætlega varðveittar. Lengd grips 14,8 cm.	93,7	1
STS15-2-135	100	7	Verkfæri	Járn	Ílangt þykkt járnstykki 16,5x3,7x1,5 cm. Er með hamraðan skalla, dregst að sér til enda sem er fleyglaga en hefur tvö göt. Hlutverk óvíst. Er sennilega hvorki fleinn né löð.	381,4	1
STS15-2-136	100	7	Hlutur	Járn	Krókur til að festa á annan hlut. Nánast L-laga og með gat fyrir nagla á 6 öðrum enda. Ryðgaður en heldur lagi. Hlutverk óvíst.	108,6	1
STS15-2-137	100	7	Hlutur	Járn	Þykkt járnstykki, ílangt með mitti. Göt í öllum hornum til festingar. Hlutverk óvíst. Stærð: 14,6x6,5x1,7 cm	488	1

Viðauki 3 Sýnaskrá

Númer	Svæði	Eining	Magn (L)	Magn (fj)	Lýsing	Dagsetning	ID
1	3	308	1.5	2 pokar	Úr kolalagi innan úr byggingunni	12.2.2015	NT

2	3	313	1.5	2 pokar	Sýni úr gólflagi	13.2.2015	NT
3	3	319	1.5	2 pokar	Kolalag undan gólfi	17.2.2015	NT
4	3	322	1.5	2 pokar	Gólflag	19.2.2015	NT
5	4	417	1.5	2 pokar	Gólflag	27.2.2015	NT
6	6	604	0.1	1 lítill poki	Gjóska - Katla 1500? Í torfi	4.3.2015	LG
7	6	608	0.5	1 poki	Sýni úr mögulegu gólflagi	5.3.2015	LG
8	6	609		1 poki	Sýni úr mögulegu gólflagi/ glatað	5.3.2015	NT
9	7	743	10	1 fata	Úr gólflagi	29.10.2015	LP
10	7	741	10	1 fata	Úr gólflagi	29.10.2015	LP
11	7	752	0.1	1 lítill poki	Katla 1500? Gjóska	4.11.2015	LP
12	7	758	10	1 fata	Úr gólflagi	10.11.2015	HK
13	7	761	3	1 poki	Úr gólflagi	12.11.2015	NT
14	7	767	10	1 poki	Úr gólflagi	16.11.2015	HK
15	7	100	0.1	1 poki	Steinkol	28.01.15	